

Háskóli Íslands
Íslensku- og menningardeild
Íslensk fræði

Viðtengingarháttur í sókn

Um breytingar á háttanotkun í spurnarsetningum
í nútíð með tengingunni *hvort*

Ritgerð til M.A.-prófs

Guðrún Þórðardóttir

Kt.: 060136-3949

Leiðbeinandi: Höskuldur Þráinsson

Mái 2012

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til MA-prófs í íslenskum fræðum í Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði í Háskóla Íslands undir leiðsögn Höskuldar Þráinssonar prófessors.

Í ritgerðinni er sagt frá rannsóknum á breytingum á háttanotkun í íslensku í spurnarsetningum í nútíð með tengingunni *hvort*. Undanfarin ár hafa ýmsir látið í ljós áhyggjur af framtíð viðtengingarháttar og talið hann vera að víkja úr málinu. Fyrsta rannsóknin var gerð árið 2003 og tilgátan var sú að viðtengingarháttur hefði fremur sótt á en hörfað.

Niðurstöðurnar eru byggðar á þessum gögnum:

- Dæmi úr rituðum textum frá upphafi ritaldar um 1200 til ársins 2003.
- Dæmi úr bloggtextum á Netinu frá árunum 2003-2011.
- Gögn fengin hjá grunnskólabörnum úr 4.-7. bekk.
- Gögn fengin úr rannsóknarverkefni Tilbrigði í setningagerð (2005-2007).

Gögn frá síðari hluta tuttugustu aldar voru einnig flokkuð eftir aldri höfunda og gögn frá 2004-2011 voru öll frá aldurshópnum fæddum 1970-1979 og 1980-1989.

Gert var ráð fyrir að sögn eða orðasamband í móðursetningu réði hætti í *hvort*-setningunni og voru setningarnar flokkaðar í fimm merkingarflokka með einkennisorðunum: *spyrja*, *vita*, *athuga*, *ákveða*, *efa*.

Rannsóknirnar leiddu í ljós að viðtengingarháttur hefur sótt mjög á í *hvort*-setningum í nútíð. Til dæmis er hægt að lesa úr *töflu 2.1* að notkun viðtengingarháttar hefur aukist sífellt í öllum merkingarflokkum í aldanna rás. Af *töflu 2.2* sem sýnir háttanotkun síðasta áratug 20. aldar sést að allir aldurshópar nota viðtengingarhátt með sögninni *spyrja*, ekki eru miklar breytingar í merkingarflokknum *efa* en í hinum þremur (*vita*, *athuga*, *ákveða*) hefur orðið mikil breyting hjá yngsta aldurshópnum. Í niðurstöðum úr nýjustu gögnunum sem sýndar eru í *töflu 2.4* sést til dæmis að talsvert herra hlutfall fólks sem fætt er 1980-1989 notar viðtengingarhátt með sögninni *vita* í móðursetningu en þeirra sem fæddir eru áratug fyrr.

Allar niðurstöður úr öllum rannsóknunum leiða í ljós að viðtengingarháttur er í gífurlegri sókn í *hvort*-setningum í nútíð.

Efnisyfirlit

0	Inngangur	5
1	Um notkun viðtengingarháttar	9
1.1	Almennt um viðtengingarhátt	9
1.2	Viðtengingarháttur í nútíð í aðalsetningum	12
1.3	Viðtengingarháttur í nútíð í aukasetningum	15
1.3.1	Viðtengingarháttur í nútíð í atvikssetningum	15
1.3.1.1	Viðtengingarháttur í <i>ef</i> -setningum	15
1.3.1.2	Viðtengingarháttur í <i>nema</i> -setningum	17
1.3.1.3	Viðtengingarháttur í <i>þótt</i> -setningum	18
1.3.2	Viðtengingarháttur í fallsetningum	20
1.3.2.1	Viðtengingarháttur í <i>að</i> -setningum	20
1.3.2.2	Viðtengingarháttur í spurnarsetningum	24
1.5	Samantekt	35
2	Rannsóknir á háttanotkun í <i>hvort</i> -setningum í nútíð	36
2.1	Rannsókn 2003 á háttanotkun í <i>hvort</i> -setningum í nútíð	36
2.1.1	Afmörkun viðfangsefnisins	37
2.1.2	Rannsóknaraðferð og efniviður	37
2.1.3	Flokkun sagna og orðasambanda í móðursetningu	38
2.1.4	Helstu niðurstöður úr rannsókninni	44
2.1.4.1	<i>spyrja</i>	44
2.1.4.2	<i>vita</i>	44
2.1.4.3	<i>athuga</i>	45
2.1.4.4	<i>ákveða</i>	46
2.1.4.5	<i>efa</i>	47
2.1.4.6	Allir merkingarflokkar	47
2.1.5	Myndir með súluritum eftir töflu 2.2	47
2.1.6	Samantekt	49
2.2	Rannsókn á háttanotkun í bloggtextum frá 2003-2008	50
2.2.1	Niðurstöður	50
2.2.2	Samantekt	52

2.3	Rannsókn á háttanotkun í bloggtextum frá 2003-2011	52
2.3.1	Aðferð og niðurstöður	52
2.3.1.1	Flokkun sagna og orðasambanda í móðursetningu	53
2.3.1.2	Um mat og útreikninga á niðurstöðum	55
2.3.2	Um mat á niðurstöðum um staðreyndasetningar	57
2.3.2.1	Um flokkun staðreyndasetninga í II. flokki <i>vita</i>	58
2.3.3	Samantekt	59
2.4	Hvað ræður viðtengingarhætti í <i>hvort</i> -setningum í nt.?	60
2.5	Samantekt	62
3	Tilbrigðakannanir og samanburður við eigin kannanir	63
3.1	Rannsóknaraðferðir	63
3.1.1	Rannsóknaraðferðir í Tilbrigðaverkefninu	64
3.1.2	Aðferð í eigin könnun á háttanotkun barna í 4.–7. bekk	68
3.2	Samanburður á niðurstöðum úr könnunum	69
3.2.1	Atvikssetningar	69
3.2.1.1	<i>ef</i> -setningar	69
3.2.1.2	<i>nema</i> -setningar	71
3.2.1.3	<i>þótt</i> -setningar	72
3.2.2	Fallsetningar	74
3.2.2.1	<i>að</i> -setningar	74
3.2.2.2	<i>hvort</i> -setningar	75
3.2.2.2.1	<i>spyrja</i>	75
3.2.2.2.2	<i>vita</i> og aðrar staðreyndasagnir	77
3.3	Samantekt	80
4	Samantekt og lokaorð	81
	Heimildir	82
	Viðauki	84
	Summary	88

0

Inngangur

En það kveikir ótta þegar fjölmiðlafólk missir tök á fallbeygingum og þegar viðtengingarháttur hverfur þar sem hann á að vera og ryðst fram þar sem hann á ekki að vera. Rétt eins og viðtengingarháttur sé að breytast í framsöguhátt og framsöguháttur í viðtengingarhátt. (Njörður P. Njarðvík 2005)

Í tilvitninni hér að ofan koma fram áhyggjur vegna þess hvernig viðtengingarháttur er beitt í íslensku. Og spyrja má hvort óttinn sem kviknaði sé ástæðulaus? Í öðrum norrænum málum er viðtengingarháttur að kalla má útdauður og sömu sögu er að segja um fleiri germönsk mál. Því er viðbúið að honum sé einnig hætta búin í íslensku. Að óathuguðu máli má auðvitað gera ráð fyrir að notkun hans hafi tekið talsverðum breytingum í aldanna rás. Sem virkur málnotandi í tæpa þrjá aldarfjórðunga tel ég mig hafa orðið vara við miklar og örar breytingar á síðustu árum og eins og fram kemur í athugasemd Njarðar að „viðtengingarháttur hverfur þar sem hann á að vera og ryðst fram þar sem hann á ekki að vera“. Breytingin er í báðar áttir og síst virðist mér notkun viðtengingarháttar hafa minnkað, heldur þvert á móti að æ oftast sjái ég og heyri hann nú notaðan á stöðum þar sem ég hafði ekki áður heyrt hann notaðan í sömu merkingu. Það styrkti grun minn að fleiri virtust hafa veitt þessum breytingum athygli og lýst því, m.a. í fjölmiðlum og á ráðstefnum. Fleiri dæmi:

Þessi háttur [viðtengingarháttur] virðist ekki hafa verið vandamál íslenskum málnotendum fyrr en í seinni tíð, að nokkuð hefur borið á óvissu í notkun hans. (Árni Böðvarsson 1992:242.)

Umsjónarmaður þáttarins er sammála ... um það að málefnið er brýnt og enn fremur virðist ljóst að viðtengingarháttur sækir mjög á í ákveðinni gerð setninga, t.d.:

?Ég veit ekki hvort hann sé [þ.e. er] heima. (Jón G. Friðjónsson 2003.)

Viðtengingarháttur hefur breyst því nú megum við leggja bílunum okkar ef það sé stæði... (Birna Arnbjörnsdóttir 2001.)

Viðtengingarháttur virðist víða sækja á í samhengi þar sem framsöguháttur var oftast hafður áður. Dæmi¹:

- (0.1) a. Ég er **viss um** að lífsgæði mín **aukist**.
b. Ég **veit ekki** hvort ég **eigi** að kalla þetta heppni.
c. Það eru til lausnir á öllu ef vilji sé fyrir hendi..

Í dæmi (0.1a og b) er um staðreyndasetningar² að ræða þar ég hafði vanist því að nota framsöguhátt Þó getur neitun eins og í (0.1b) haft áhrif á val milli háttanna en í móðursetningum með staðreyndasögn með *hvort*-setningum er oft neitun, t.d. *vita ekki*. Í dæmi (0.1c) er skilyrðissetning í nútíð með tengingunni *ef* þar sem löngum var venja að nota framsöguhátt (um *ef*-setningar er fjallað í 1.3.1.1, 3.1.1 og 3.2.1.1).

Einnig sjást dæmi um hið gagnstæða, þ.e. að framsöguháttur sé notaður þar sem venja var að nota viðtengingarhátt, t.d. í viðurkenningarsetningum með tengingunum *þó* (*að*) og *þótt*, sbr. (2a-b), og í óbeinni ræðu í *að*-setningum sem stjórnast af *segja*, *telja* og *halda* o.fl., sbr. (2c):

- (0.2) a. **Þó að** vinir mínir **drekka** og **reykja**, þá geri ég það ekki.
b. Hann er snillingur **þótt** hann **er** ekki alveg búinn að ákveða sig.
c. Ég **held að** ég **er** búin að skrifa um allt sem gerðist þessa viku.

Misræmið sem gætir í háttanotkun nú virðist einkum vera í nútíð og mikið í spurnarsetningum eins og sýnt verður fram á í 2. kafla. Síðar kom reyndar í ljós í athugun minni að máltilfinning mín í þessu efni er mjög í samræmi við málnotkun fólks af minni kynslóð, þ.e. fólks fædds á áratugnum 1930-1939, sjá *töflu 2.2*.

¹ Þessi dæmi og mörg dæmin í ritgerðinni eru tekin nýlega beint úr dagblöðum, útvarpi, sjónvarpi eða af vefsíðum.

² Til hægðarauka nefni ég aukasetningar *staðreyndasetningar* ef móðursetningin inniheldur *staðreyndasögn* (sjá m.a Höskuld Þráinsson 2005:459 o.áfr.) svo sem *átta sig á*, *fatta*, *gera sér grein fyrir*, *sjá*, *skilja*, *vita* o.s.frv. (sjá 2.1.3).

Þessar hugleiðingar urðu kveikjan að rannsóknum mínum. Nauðsynlegt var að beina sjónum að takmörkuðu sviði, fyrst valdi ég spurnarsetningar í nútíð þar sem mér virtist breytingarnar vera hvað mestar. Til að auðvelda rannsóknina takmarkaði ég hana við *hvort*-setningar. Við þátttöku mína í Tilbrigðarannsóknunum beindist athyglin að ýmsu fleira en rannsóknirnar á *hvort*-setningunum eru þó aðalefni þessarar ritgerðar.

Markmið ritgerðarinnar er að kanna stöðu viðtengingarháttar í nútíð nú í byrjun 21. aldar. Fer notkun hans vaxandi eða minnkandi eða stendur hún í stað? Er háttanotkun mismunandi eftir aldri málnotenda? Hvað ræður háttanotkuninni? Ræður merking mestu eða ef til vill fremur málhefð og hefur orðið breyting á henni?

Til þess að reyna að finna svör við þessum spurningum eru skoðaðar niðurstöður úr fjórum eigin rannsóknum á takmörkuðu sviði ásamt niðurstöðum úr yfirlitskönnunum rannsóknarverkefnisins *Tilbrigði í setningagerð* þar sem háttanotkun í aukasetningum var könnuð. Þá vaknaði enn ein spurning: Eru niðurstöður mismunandi eftir því hvaða aðferð er beitt og er til nokkur einhlít aðferð? Ekki geri ég ráð fyrir því en líklega fæst betri mynd með því að beita fleiri en einni aðferð og bera saman niðurstöður.

Aðdragandi að ritgerðinni er orðinn nokkuð langur, hófst raunar árið 2003 er ég skrifaði lokaritgerð á námskeiðinu 05.41.34 *Íslenska sagnkerfið í sögulegu ljósi* á haustönn 2003 í Háskóla Íslands hjá kennaranum Jóni Axel Harðarsyni. Þá gerði ég fyrstu athugun mína á háttanotkun í spurnarsetningum í nútíð með tengingunni *hvort* (*hvort*-setningum) á árabílinu 1200-2003 í efni sem ég safnaði af Netinu, alls 1484 setningum sem ég flokkaði eftir merkingu aðalsagnar eða orðasambands í móðursetningu. Texta frá síðari hluta 20. aldar flokkaði ég auk þess sérstaklega eftir aldri höfundu og miðaði við fæðingarárátug.

Annað skref var grein sem ég vann upp úr þeirri rannsókn minni og birtist hún í tímaritinu *Íslensku máli og almennri málfræði* 28 2006. Frá þessari rannsókn segir í 2. kafla ritgerðarinnar.

Þriðja skrefið var að ég tók þátt í rannsóknarverkefninu *Tilbrigði í setningagerð* og athugaði sérstaklega niðurstöður úr þeim hluta þar sem háttanotkun í aukasetningum var könnuð. Á Hugvísindapingi árið 2008 flutti ég fyrirlestur um niðurstöður úr þeirri rannsókn ásamt niðurstöðum úr lítilli rannsókn á háttanotkun barna í 4.-7. bekk Vesturbæjarskóla og lítilli athugun á bloggi 2008. Um hið sama samdi ég einnig grein í væntanlegt rit um Tilbrigðakannanirnar þar sem ég lagði

aðaláherslu á mitt gamla rannsóknarefni, *hvort*-setningar í nútíð, og bar niðurstöður úr Tilbrigðakönnununum saman við niðurstöður úr eigin athugunum. Frá þessu segir í 3. kafla ritgerðarinnar.

Á útáliðnum vetri 2011 þegar ég hófst handa við að skrifa þessa meistaraprófsritgerð tók ég fjórða skrefið er ég vann nýja rannsókn á *hvort*-setningum í bloggi sem skrifað var á árunum 2003-2011 af fólki sem fætt er annars vegar a) 1979-1980 og hins vegar b) 1980-1989, alls 2048 setningum hjá 99 manns.

Allt framantalið efni styðst ég við í þessari ritgerð sem fjallar um breytingar á háttanotkun í aldanna rás, einkum þó á síðustu áratugum til að reyna að sjá hvert stefnir nú. Aðaláhersla er sem fyrr á *hvort*-setningar í nútíð og er 2. kafli helgaður rannsóknnum mínum um þær.

Upphaflega vildi ég reyna að fá svar við þessari spurningu minni: Hefur grunur minn um breytingar á háttanotkun við einhver rök að styðjast? Við nánari athugun bættust þessar spurningar við: Ef svo er hvað gæti það merkt? Felur breytingin ef til vill í sér einhvers konar merkingarlega samræmingu í notkun viðtengingarháttar þannig að merkingin 'hugsanlegt, mögulegt, vafi' og jafnvel 'óvissa' ráði nú meiru en áður um það hvenær viðtengingarháttur er notaður? Þegar í ljós kom í rannsóknnum mínum að notkun viðtengingarháttar í *hvort*-setningum er mest hjá yngsta fólkinu datt mér í hug að það gæti bent til almennra breytinga á háttanotkun í þeirri gerð setninga. Þá bættist þessi spurning við: Getur verið að samtengingin *hvort* sé farin að kalla á viðtengingarhátt, hver sem merking sagna eða orðasambanda í móðursetningu er?

Skipulag ritgerðarinnar er sem hér segir:

Í 1. kafla eru skoðuð helstu fræðirit og greinar þar sem fjallað hefur verið um viðtengingarhátt og notkun hans og það borið saman niðurstöðum úr rannsóknnum mínum þar sem við á. 2. kafli er aðalkafli þessarar ritgerðar þar sem segir frá niðurstöðum rannsókna minna 2003, 2008 og 2011 á háttanotkun í spurnarsetningum í nútíð með tengingunni *hvort*. 3. kafli er um yfirlitskönnun í Tilbrigðaverkefni og eigin könnun meðal barna í 4.-7. bekk grunnskóla á háttanotkun með *ef*, *nema* og *þótt* og fallsetningum með *að* og *hvort*. Aðferðum lýst. Niðurstöður um *hvort*-setningar eru bornar saman við niðurstöður úr eigin rannsóknnum. 4. kafli er samantekt.

1

Um notkun viðtengingarháttar

Í þessum kafla er háttanotkun skoðuð, einkum beiting viðtengingarháttar, bæði samkvæmt eigin málnotkun og skilgreiningum og lýsingum nokkurra fræðimanna. Vitnað verður í ýmis málfræðirit þar sem fjallað er um viðtengingarhátt og beitingu hans, einnig í greinar um sama efni. Eins og annars staðar í þessari ritgerð er augum nær eingöngu beint að setningum í nútíð.

Í 1.1 er almenn umfjöllun um viðtengingarhátt Í 1.2 er fjallað um viðtengingarhátt í aðalsetningum, í 1.3 um viðtengingarhátt í aukasetningum.

Í fræðiritunum er sjaldnast fjallað sérstaklega um viðtengingarhátt í nútíð heldur jöfnum höndum um notkun bæði viðtengingarháttar nútíðar og þátíðar, eins er um dæmi sem þar eru tekin. Verður því nefnt sérstaklega ef einhver gerir greinarmun á háttanotkun í nútíð og þátíð í skrifum sínum.

1.1 Almennt um viðtengingarhátt

Viðtengingarháttur í íslensku á rót sína að rekja til óskháttar og viðtengingarháttar í indóevrópsku. Þessir tveir hættir féllu saman í einn hátt í germönsku sem ýmist er kallaður óskháttur eða viðtengingarháttur. Germanska varðveitti bæði form og merkingarhlutverk óskháttar en glataði viðtengingarhætti sem formlegum hætti. Hins vegar tók óskhátturinn við hlutverki viðtengingarháttarins. Í formlegu tilliti er viðtengingarháttur íslensku kominn af óskhætti indóevrópsku en að því er merkingarhlutverk varðar sameinar hann bæði óskhátt og viðtengingarhátt frummálsins en þar táknaði óskháttur ósk eða möguleika en viðtengingarháttur vilja eða væntingu. (Krahe-Meid³ 1969:95).

³ Hans Krahe (1898-1965) þýskur málfræðingur, prófessor við Háskólann í Tübingen. Wolfgang Meid (f. 1929) þýskur málfræðingur, prófessor við Háskólann í Innsbruck.

Viðtengingarháttur hagar sér ólíkt í nútíð og þátíð og erfitt er að tala um notkun hans í báðum tíðum eins og um eitt og hið sama sé að ræða. Viðtengingarháttur í þátíð táknar til dæmis oft ekki liðna tíð heldur skilyrði í nútímanum eins og í dæmi (1.1) (sjá t.d. Nygaard 1905:213 [§194], Stefán Einarsson 1945:152, Jón G. Friðjónsson 1989:28). Dæmi:

(1.1)a. Hann **fór** í ferðina.

b. Hann **færi** í ferðina ef ...

Í (a) merkir sögnin í framsöguhætti þátíð. Í (b) er augljóslega ekki verið að tala um þátíð heldur eitthvað óorðið, hugsanlegt, bundið skilyrði. Meðal annars segir Jón G. Friðjónsson í bók sinni *Samsettar myndir sagna* (1989:28):

Að formi til er viðtengingarháttur til í nútíð og þátíð en þátíðarmyndir hans vísa ekki til liðins atburðar (eins og í framsöguhætti) heldur til óorðins eða óraunverulegs atburðar eða verknaðar.

Nafnið er því ekki merkingarlegt heldur tengist forminu. Hér verður eingöngu rætt um viðtengingarhátt í nútíð.

Skoðuð verða skrif nokkurra fræðimanna um viðtengingarhátt sem eru mjög misjöfn að vöxtum, allt frá því að vera grein í blaði eða riti upp í grundvallarrit um málfræði. Fyrst segi ég lauslega frá þeim skilgreiningum og orðum sem fræðimenn hafa notað til að skýra merkingu háttarins.

Í *Íslenskri málfræði* Björns Guðfinnssonar, sem kom fyrst út á fjórða áratug 20. aldar og var aðalkennsluefni í málfræði á unglingastigi fram eftir öldinni, var notkun framsöguháttar og viðtengingarháttar lýst þannig (Björn Guðfinnsson 1958:62 [§123]):

Framsöguháttur lætur í ljós beina fullyrðingu eða beina spurningu...

Viðtengingarháttur lætur einkum í ljós eitthvað skilyrðisbundið, hugsanlegt, mögulegt, ósk, bæn o.s.frv. Dæmi:

Ég *kæmief* ég *gæti*.

Skyldi hann trúá mér?

Tröll *hafí* þína vini.

Guði sé lof.

Skilgreiningar sem þessar hafa verið notaðar alla 20. öld og eru enn notaðar, meðal annars í kennslubókum, til að skýra að einhverju leyti notkun viðtengingarháttar. Þær gefa vissulega ákveðna vísbendingu en því fer þó fjarri að þær dugi til að skilgreina fyllilega greinarmun á notkun framsöguháttar og viðtengingarháttar. Ýmislegt ræður henni, til dæmis setningagerð (aðalsetning, fallsetning, atvikssetning), tíð og tenging og í fallsetningum ræður einnig merkingu sagnar eða orðasambands í móðursetningu.

Merkingarlegar skilgreiningar fræðimanna eru flestar svipaðar. Sumir segja skipulega frá mismunandi merkingu háttarins eftir stöðu hans í mismunandi setningagerð, þar á meðal þeir sem gera efninu ýtarleg skil (m.a. Nygaard 1905 272-331 §271-321, Jakob Jóh. Smári 1920:210-241 §132-154, Stefán Einarsson 1945:150-159 og Bruno Kress 1982:574-584 og 261-263). Þeir og sumir aðrir nefna einnig hefðbundna notkun með ákveðnum tengingum (m.a. Kristján Árnason 1991:154, Árni Böðvarsson 1992:245-6 og Höskuldur Þráinsson 2005:468). Sumir reyna að finna reglu sem gildir eða ætti að gilda um notkun hans (m.a. Árni Böðvarsson 1992:240-247 og Jón G. Friðjónsson 1989:30-33 og 2003, *Handbók um íslensku* 2011:271-3). Allflestir nefna eitthvað eftirtalið um merkingu viðtengingarháttar þó að ekki komi alls staðar fram í hvaða tilvikum, t.d. tíð og setningagerðum merkingin kemur við sögu:

(1.2) ósk, bæn, hvatning, áminning, skipun, hugsanlegt, mögulegt, óraunverulegt, ímyndað, líklegt, skilyrði, vafi, persónulegt álit, hugsun, álit, skoðun, tilfinning, ótti, eftirvænting, tilfinning, eftirsókn, þörf, umhyggja, óraunverulegt, varfærið tal, kurteisleg fullyrðing, kurteisleg beiðni, kurteislegt álit.

Elsti fræðimaðurinn sem hér er vitnað til er Marius Nygaard.⁴ Hann rannsakaði málið á íslenskum fornritum og lýsti setningafræði forn málsins ýtarlega í bók sinni *Norrøn syntax* sem kom út 1905. Í þeirri bók er meðal annars að finna nákvæma lýsingu á notkun viðtengingarháttar í forn málinu, bæði í aðalsetningum og aukasetningum ásamt fjölda dæma. Skoðaðar verða skýringar hans á helstu atriðum um þetta efni og

⁴ Marius Nygaard (1838-1912) norskur málfræðingur, rannsakaði m.a. setningafræði Snorra-Eddu, *Eddasprogets Syntax*.

reynt að bera þær saman við lýsingar annarra málfræðinga sem ritað hafa um hvernig háttum er beitt í setningum í nútíð og skoðanir þeirra um hvað ræður og hefur ráðið háttanotkun. Einnig borið saman við eigin athuganir, hvort eitthvað og þá hvað hefur breyst fram á þennan dag samkvæmt eigin rannsóknum. Aðallega skoðuð sömu atriði og könnuð voru í eigin rannsóknum og í Tilbrigðarannsóknunum sem sagt er frá í 2. og 3. kafla, þ.e. atvikssetningar með *ef*, *nema* og *þótt*, skýringarsetningar með tengingunni *að* og síðast en ekki síst spurnarsetningar með tengingunni *hvort*. Mest áhersla er lögð á það síðastnefnda sem er meginrannsóknarefnið í þessari ritgerð.

Í 1.2 er byrjað á að skoða notkun viðtengingarháttar í aðalsetningum og hvernig málfræðingar hafa greint 1. og 2. persónu í hvatningarmerkingu í aðalsetningum á mismunandi hátt.

1.2 Viðtengingarháttur í nútíð í aðalsetningum

eða boðháttur eða framsöguháttur?

Viðtengingarháttur kemur ekki fyrir í aðalsetningum í nútíð nema í sérstakri óskháttarmerkingu, stundum boðháttar- eða leiðbeiningarmerkingu:

(1.3)a. Nemendur **komi** stundvíslega kl. 8.

b. **Geymist** þar sem börn ná ekki til.

Flest af því sem Nygaard segir um viðtengingarhátt í nútíð í aðalsetningum (1905:199-201 [§181-2]) kemur heim og saman við nútímamál og hann nefnir það sama og aðrir fræðimenn sem vitnað verður til hér að í aðalsetningum sé hátturinn eingöngu notaður um ósk, bæn, hvatningu, áskorun og skipun o.s.frv. og hann tekur venjuleg dæmi í 3. persónu:

(1.4)a. vei **verði** þínum legg (Morkinskinna)

b. tröll **hafi** þína vini (Njála)

c. **virði** það hverr sem vill (Hallfreðar saga vandræðaskálds)

Nygaard telur dæmi (1.4.c) vera um viðtengingarhátt í viðurkenningarmerkingu í aðalsetningu í nútíð en það sé fremur fátítt (Nygaard 1905:203 [§185], einnig Iversen⁵

⁵ Ragnvald Iversen (1882-1960) norskur málvísindamaður.

1994:142 [§167.3]). Hann sýnir líka dæmi um 2. persónu sem líklega eru nú fátíð. Þekkest í kaþólskum bænum og kirkjumáli og gömlum kvæðum, t.d. Blessuð sértu sveitin mín. Langt er víst síðan kveðjan „hér sé Guð“ var lögð af en í staðinn er komin hvatningin „Hér sé stuð!“ . Forn dæmi:

(1.5) Heil sé þú, María! ...
blezað sé þú meðal allra kvenna... (Íslensk hómilíubók)

Hann sýnir eitt dæmi um 1. persónu ft.:

(1.6) Allir sé vér velkomnir (Njála)

Nygaard segir þennan hvetjandi viðtengingarhátt gegna sama hlutverki og boðháttur og fylla upp í hann (Nygaard 1905:201 [§183]). Í framhaldi segir hann boðhátt vera til í 2. persónu eintölu og fleirtölu og 1. persónu fleirtölu en af því leiði að viðtengingarháttur í hvatningarmerkingu komi oftast fyrir í 3. persónu. Í 2. persónu sé venjulega notaður boðháttur auk þess sem að í 2. persónu fleirtölu falli form viðtengingarháttar og boðháttar saman. Hann tekur dæmi um boðhátt í 1. persónu fleirtölu:

(1.7) **róum** síðan samfast – **hlífum** oss fyrst og gætum vápna várna – (Ólafs saga helga)

Hann færir einnig fram þau rök að best sjáist að boðháttur og viðtengingarháttur í hvatningarmerkingu tjái sömu hugsun þegar þeir koma fram hlið við hlið:

(1.8) þú ráð **nemir** ok **ríð** heim hédan (Fáfnismál)

Nygaard sýnir einnig dæmi um að viðtengingarháttur í hvatningarmerkingu hafi komið fyrir í aukasetningu (Nygaard 1905:203 [§184]):

(1.9) hann liggr sjúkr heima at búð, segir Otkell; þar er hann **standi** aldrei upp, segir Gissurr (Njála)

Skiptar skoðanir hafa verið um það hvernig greina eigi 1. persónu fleirtölu í boð- eða hvatningarmerkingu í aðalsetningum eins og „Förum út“ og um hvaða hátt sé að ræða. Eins og komið hefur fram lítur Nygaard (1905:200-201) svo á að sögnin sé í boðhætti. Stefán Einarsson⁶ (1945:150-151) og Bruno Kress⁷ (1982:237) eru sama sinnis og telja einnig að boðháttur sé til í 1. persónu fleirtölu.

Jakob Jóh. Smári⁸ (1920:185) er einnig sammála því að um boðhátt sé að ræða í 1. persónu fleirtölu Hann segir muninn á nútíð viðtengingarháttar og boðháttar sjást greinilega á sögninni *vera*; boðhættinum *veri*, t.d. „skollinn veri hennar“ og viðtengingarhættinum *sé*, t.d. „guði sé lof“. Hann bætir því við að 1. og 3. persóna eintölu og 3. persóna fleirtölu boðháttar komi aðeins fyrir í þessari einu sögn og séu nýíslensk fyrirbæri og dæmi hans um þau eru öll úr bókum frá því um aldamótin 1900.

Árni Böðvarsson⁹ lítur aftur á móti svo á að um viðtengingarhátt í 1. persónu sé að ræða í setningum eins og „Förum út“ sem komi í stað boðháttar og óskháttar (optativus) sem ekki sé til sem sérstök beygingarmynd í íslensku. Hann tekur dæmi eins og *förum* í hvatningarmerkingu (1992:244). Samkvæmt þeirri skoðun mætti bæta enn einu dæmi við um viðtengingarhátt í aðalsetningum (1.4)e: Förum út.

Björn Guðfinnsson¹⁰ (1958:63 [§125]) segir í kennslubók sinni að boðháttur sé aðeins til í 2. persónu, bæði í eintölu og fleirtölu, en nefnir ekki hvernig hann greini sögnina í setningunni „Komum strax“ í æfingunni sem fylgir greininni. Kennaranum er látið eftir að leysa úr þeim vanda.

Algengast mun nú að líta svo á að boðháttur sé einvörðungu til í nútíð í eintölu 2. persónog hvatningarorð eins og *förum* og *farið* séu í framsöguhætti (sjá m.a. Guðrúnu Kvaran 2005:295, Höskuld Þráinsson 2005:484 og Jón Friðjónsson 1989:43), boðháttur sé bara til sem sérstakt form í 2. persónu eintölu í íslensku. Undantekning er þó sögnin *vera* eins og Jakob Jóh. Smári nefnir (1920:185)

Fróðlegt að bera þetta saman við færeysku, þar hefur í raun myndast sérstakt form fyrir boðhátt í 2. persónu fleirtölu, *farið* en fleirtölumynd allra persóna er hins vegar *fara* (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:425).

⁶ Stefán Einarsson (1897- 1972) prófessor við John Hopkins háskóla í Baltimore, Maryland BNA.

⁷ Bruno Kress (1907-1997) prófessor í norrænum fræðum við Háskólann í Greifswald í Þýskalandi.

⁸ Jakob Jóh. Smári (1889-1972) mag. art. kennari við Menntaskólann í Reykjavík 1920-1936.

⁹ Árni Böðvarsson (1924-1992) cand. mag. í íslenskum fræðum, dósent við Háskóla Íslands.

¹⁰ Björn Guðfinnsson (1905-1950) cand. mag. í íslenskum fræðum. Bók Björns *Íslensk málfræði* var um áratuga skeið aðalkennslubók við málfræðikennslu unglunga í íslenskum skólum á 20. öld.

Af framansögðu sést að framsöguháttur var einn þriggja kosta sem komu til greina við að greina hátt sagnar í setningum eins og „Förum út“ því að allir persónuhættirnir þrír falla saman í 1. persónu fleirtölu, þ.e.a.s. sé 1. persóna fleirtölu til í boðhætti eða boðháttur til í fleirtölu yfirleitt.

Næst kemur röðin að háttanotkun í nokkrum gerðum aukasetninga.

1.3. Viðtengingarháttur í nútíð í aukasetningum

1.3.1 Viðtengingarháttur í nútíð í atvikssetningum

Nokkur munur er á vali milli framsöguháttar og viðtengingarháttar í nútíð eftir því hvort um er að ræða atvikssetningu eða fallsetningu. Í atvikssetningum virðist tengingin nær einráð og krefjast ákveðins háttar. Dæmi:

- (1.10) a. Hann kemur **ef** hann **er** tilbúinn (skilyrði).
- b. Hann kemur **af því að** hann **er** áhugasamur (orsök).
- c. Hann kemur ekki **af því að** hann **sé** áhugasamur (ekki orsök).
- d. Hann kemur **þegar** hann **er** tilbúinn (tímasetning).
- e. Hann segist koma **þegar** hann **sé** tilbúinn (tímasetning).
- f. Hann kemur **þó að** hann **sé** ekki tilbúinn (viðurkenning).
- g. Hann flýtir sér **sva að** hann **verði** ekki of seinn (tilgangur).
- h. Hann flýtir sér ekki **sva að** hann **verður** of seinn (afleiðing).

Í dæmum (1.10b-c) og (1.10d-e) sést raunar að merking orðasambands í móðursetningu ræður einnig hvor háttur er valinn, í (1.10c) neitunin, í (1.10e) óbein ræða.

Eins og áður segir verður hér einungis fjallað um skilyrðissetningar með eða án *ef* og með *nema* og viðurkenningarsetningar með tengingunni *þótt*.

1.3.1.1 Viðtengingarháttur í skilyrðissetningum með eða án *ef*

Nygaard lýsir háttanotkun í skilyrðissetningum með tengingunum *ef* og *nema* á nokkrum blaðsíðum. Í byrjun (1905:210 [§191]) skýrir hann notkun framsöguháttar í *ef*-setningum út frá merkingu:

Í skilyrðissetningum er hafður framsöguháttur bæði í aðalsetningunni og aukasetningunni aðeins þegar röklegt samhengi er milli þeirra (eitthvað á sér stað

þegar eitthvað annað á sér stað) án þess að vikið sé að raunveruleika eða möguleika þess sagða.

(1.11) ljúfr verður leiðr **ef** lengi **sitr** annars fletjum á (Hávamál)

Örfá dæmi eru sýnd úr fornritum um viðtengingarhátt í *ef*-setningum í nútíð (sjá *töflu* 3.7) dæmi:

(1.12) Mun oss aldrei vel gefa **ef** þér **berist** þetta fyrir. (Grettis saga)

Ekkert minnst Nygaard á að skilgreining hans eigi sérstaklega við um nútíð eða að viðtengingarháttur hafi sjaldan verið hafður í *ef*-setningum í nútíð og á næstu tæplega níu blaðsíðum bókarinnar þar sem lýst er háttanotkun í skilyrðissetningum eru eingöngu sýnd dæmi um *ef*-setningar í þátíð.

Stefán Einarsson (1945:152) lýsir á svipaðan hátt merkingarlegri notkun *ef*-setninga, 1. raunveruleg skilyrði í nútíð, 2. ímynduð skilyrði í þátíð. Hann nefnir jafnframt að í 1. sé notaður framsöguháttur nema þegar tengingunni er sleppt, í 2. sé notaður viðtengingarháttur í þátíð. Fjögur dæmi Stefáns:

- (1.13) a. Ég **kem ef** ég **get**.
b. **Geti** ég gert það, **skal** ég koma.
c. Ég **kæmi, ef** ég **gæti**.
d. **Gæti** ég gert það, **skyldi** ég koma.

Lengst af hefur tíðkast að nota framsöguhátt í *ef*-setningum í nútíð, þó að tengingin sjálf lýsi vafa. Eins og sjá má í *töflu* 3.7 og fremur ýtarlega umfjöllun í 3.2.1.1 fór varla að sjást viðtengingarháttur í *ef*-setningum fyrr en á 18. öld og nær eingöngu í kjölfar óbeinnar ræðu allt fram á 20. öld. Í Tilbrigðakönnunum kom fram að 10,7% unglinga völdu að nota viðtengingarhátt í slíkri setningu og oft heyrir það og sést. Dæmi um *ef*-setningar:

- (1.14) a. **Ef** þú **ert** tryggður þá færðu það bætt.
b. Sendu umsóknina aðeins **ef** þú **sért** viss um að allar upplýsingar séu réttar.

Flestir fræðimennirnir minnst einnig á ótengdar skilyrðissetningar í nútíð sem eru í viðtengingarhætti. Bruno Kress (1982:257) og Jón G. Friðjónsson (1989:33) beita sömu rökum og Stefán Einarsson (sjá dæmi 1.13) um raunverulegar og óraunverulegar skilyrðissetningar. Jón segir m.a.:

Raunverulegar skilyrðissetningar standa í **framsöguhætti** ef þær eru tengdar (með **ef**) en **viðtengingarhætti** ef þær eru ótengdar.

Kristján Árnason (1981:171) segir vafasamt hvort hægt sé að útskýra á einfaldan hátt mismuninn á háttanotkun í tengdum og ótengdum setningum eins og í dæmum (1.10 b og d). Hann segir að þarna virðist vera um formsatriði að ræða sem vandrakin séu til dýpri merkingarlegra róta. Segja má að um sé að ræða tvær aðferðir til að merkja skilyrðið sem felst í skilyrðissetningunni, annars vegar með tengingunni *ef* hins vegar viðtengingarhætti.

Sögn í viðtengingarhætti í *að*-setningu (óbeinni ræðu) veldur því oft að sögn í eftirfarandi *ef*-setningu er höfð í viðtengingarhætti, viðtengingarhátturinn er „smitandi“ eða „lekur niður“ (Höskuldur Þráinsson. 2005:470-71; Bruno Kress 1982:258 [§ 624 1.a]), einkum ef *að*-setningin er hluti af lengra samhengi þar sem flestar persónubeygðar sagnir eru í viðtengingarhætti. Dæmi:

(1.15) Matsfyrirtækið Moody's **segir** ... að lánshæfiseinkunn FIH bankans **hafi** verið sett á neikvæðar horfur. Ástæðan **er** eignarhald ATP, ... eða raunar að engin lög **séu** enn til staðar sem **heimili** ATP að veita FIH bein fjárframlög ef illa **fari** í rekstri bankans.

Frá *ef*-setningum í viðtengingarhætti í framhaldi af óbeinni ræðu er meira sagt í 3.1.1.1 og 3.2.1.2, m.a. af athugunum mínum um hvenær og hve oft viðtengingarháttur í nútíð sést í *ef*-setningum fyrir 20. öld.

1.3.1.2 Viðtengingarháttur í skilyrðissetningum með tengingunni *nema*

Aukasetningar með tengingunni *nema* segir Nygaard tengjast neitun í aðalsetningu og að þær séu alltaf í viðtengingarhætti (1905:211 [§192]). Sama segir í öðrum

skoðuðum ritum um *nema*-setningar. *Nema* er einnig til sem aðaltenging og í bókinni *Setningum* segir Höskuldur Þráinsson (2005:151) um aðalsetningar með aðaltengingunni *nema*.

...er persónubeygða sögnin í *nema*-setningunni þar í framsöguhátti en ekki viðtengingarhátti eins og hún er jafnan þegar *nema* greinir frá skilyrði...

Þessu fylgir dæmi (4-143)a.

(1.16) Strákarnir eru skemmtilegir, **nema** Siggi er (fh.) dálítið þreytandi.

Í Tilbrigðarannsóknunum (3.2.1.2) kemur þó fram að framsöguháttur er nú farinn að láta á sér kræla í *nema*-setningum (skilyrðissetningum), 28,5% unglunga töldu sig geta notað *nema*-setningu með framsöguhátti þó að 90,2% veldu viðtengingarhátt þegar mátti velja milli tveggja kosta. Ekki nema 66% grunnskólabarnanna í 4.-7. bekk völdu viðtengingarhátt en þau gátu alltaf valið um hátt, sjá *töflu 3.9*.

1.3.1.3 Viðtengingarháttur í viðurkenningarsetningum með *þó að* og *þótt*

Nygaard (1905:310 [§296-7]) fjallar um viðurkenningarsetningar með *þóat* og *þótt* og segir viðtengingarhátt svo til alltaf vera notaðan. Framsöguháttur sé svo fáséður að þá sjaldan hann komi fyrir liggi við að það teljist ritvilla. Dæmi:

(1.17) eigi skulum vér þat mál svá nema, at eigi sé Christ nafn fullheilagt, **þóat** vér **biðjum** eigi (Íslensk hómilíubók)

Neðanmáls veltir hann því samt fyrir sér hvort ekki sé sennilegt að viðtengingarháttur hafi upphaflega einungis verið notaður í merkingunni 'enda þótt' um eitthvað óraunverulegt en framsöguháttur hafi verið notaður um það sem raunverulega á sér stað. Smátt og smátt hafi viðtengingarhátturinn fyrir áhrifsbreytingu rutt sér leið inn í síðarnefndu merkinguna (Nygard 1905:311 [§297]). Þessar hugleiðingar minna talsvert á þá ágiskun mína um ástæðu fyrir nýrri háttanotkun með *þótt* (sjá 3.2.1.3) að framsöguháttur sé einkum valinn þegar um staðreynd er að ræða (sjá þó setningu T1087 í *töflu 3.10*).

Kristján Árnason (1981:155) segir m.a. um að vissar samtengingar krefjist viðtengingarháttar:

Hér gæti virst svo við fyrstu sýn sem það sé hreint formsatriði t.a.m. að *þó að* (*þótt* og *enda þótt*) taki viðtengingarhátt. Setningarnar verða ótækar ef framsöguháttur er notaður:

(7) *Hann fór þó að það var rigning
o.s.frv.

Þegar svona háttar til er merkingargreining milli framsöguháttar og viðtengingarháttar að sjálfsögðu óhugsandi.

Sem sagt formsatriði en ekki merkingarlegt. Líklegt má telja að háttanotkun sé fyrst og fremst málvenja hvers og eins. Að viðtengingarháttur sé notaður jafnvel þótt um staðreynd sé að ræða; það var rigning, má telja formsatriði..

Aðrir tala einnig um viðtengingarhátt sem hefðbundinn og fastan í viðurkenningarsetningum, m.a. Stefán Einarsson (1945:150-51), Björn Guðfinnsson (1958:62 [§123]), Halldór Halldórsson (1956:88) og Árne Böðvarsson (1992:246). Í bókinni *Setningum* segir Höskuldur Þráinsson sumar atvikstengingar heimta viðtengingarhátt (2005:468). Hann sýnir dæmi um báða hætti í viðurkenningarsetningum en stjörnumerkir setningu með framsöguhátti sem ótæka. Þetta er dæmi (11-31a):

(1.18) Ég er alltaf blankur [**þó að** ég **hafi** (vh.)/***hef** (fh.) ágætt kaup].

Í Tilbrigðakönnunum kom fram (sjá *töflu 3.10*) að 53,6% fullorðins fólks á aldrinum 20-70 ára og 67,2% 15 ára unglunga samþykktu setningu T2014:

(1.19) Þótt þeir **hafa** ekki unnið marga leiki eru þeir ekki í fallsæti.

Eftirfarandi setning ásamt mörgum álíka kemur upp þegar gúglað er „þó að ég hef“:

(1.20) Ég er í geðveikt góðu skapi núna **þó að** ég **hef** ekkert að gera.

Eftir þessu að dæma er háttanotkun í viðurkenningarsetningum ekki lengur bundin við viðtengingarhátt. Fleira má sjá um *þótt*-setningar í 3.2.1.3.

1.3.2 Viðtengingarháttur í fallsetningum

Í fallsetningum ræður aldrei tengingin ein heldur einnig sögn eða orðasamband í móðursetningu, dæmi um *að*-setningar:

- (1.21) a. Ég **veit** að hann **er** heima.
b. Ég **sé** að hann **er** heima.
c. Ég **held** að hann **sé** heima.
d. Ég er **ekki viss um** að hann **sé** heima.

Sumar sagnir geta reyndar tekið með sér jafnt framsöguhátt og viðtengingarhátt en merkingin verður ekki sú sama (Kristján Árnason 1981:156), sbr. „lágmarksparið“:

- (1.22) a. Ég heyri að þú **ert** framsóknarmaður.
b. Ég heyri að þú **sért** framsóknarmaður.

Í dæmi (1.22a) tekur mælandi ábyrgð á þeirri skoðun að viðmælandi hans sé framsóknarmaður en í (1.22b) vitnar hann til skoðana annarra.

1.3.2.1 Viðtengingarháttur í *að*-setningum (skýringarsetningum)

Í flestum fræðiritunum sem skoðuð voru var *að*-setningum gefið hvað mest rúm. Nygaard skýrir háttanotkun í *að*-setningum í ellefu greinum á 20 blaðsíðum með miklum fjölda dæma (1905:272-291 [§271-281]). Verður nú aðeins tæpt á því helsta og nefnd nokkur atriði sem eru frábrugðin nútímamáli. Hann nefnir nokkra merkingarflokka þeirra sagna sem taka með sér *að*-setningar í viðtengingarhætti, þeirra á meðal eru: *eftirsókn, vilji, umhyggja, hafa áhrif á e-n, skoðun, grunur, von, trú, efi, ótti*. Hann telur m.a. upp þessar sagnir og orðasambönd:

- (1.23) *kosta, kostgæfa, freista, gæta, hyggja, hyggja at, fyrir sjá, sjá við, varast, hætta til, vilja, æskja, vilnast, setja, skilja, leyfa, veita, nenna, banna, standa í móti, letja, biðja, beiða, beiðast, bjóða, eggja, fýsa, ráða, nauðga, segja, mæla, kalla, vitra, minna á, kenna, þurfa, ætla, geta, nema ('telja'), virða, gruna, mik varir,*

mér þykkir, mér lízt, mér sýnist, mér finnst, trúa, vænta, vætta, treysta, treystast, efast, ifa, ugga, óttast, óast, hræðast, æðrast, hugboð, ván, virðing manna, grunur á, if. er vænna (vænst), líkt, glíklegt, eigi ráðit, útsýnt, mér býðr/kemr í hug, draga líkendi til, er háttung, vera kann, hætt við, varr, áhyggjusamur, hræddr o.s.frv.

Sumar sagnir og orðasambönd kunna að vera orðin fátíð en að öðru leyti mun allt þetta enn vera í fullu gildi þó að framsöguháttur sé farinn að smeygja sér inn í setningar í þessum merkingarflokkum eins og sést í niðurstöðum úr Tilbrigðakönnun á háttanotkun í *að*-setningum (sjá *töflu* 3.3 í 3.2.1).

Í umfjöllun Nygaards um *að*-setningar er megnið um viðtengingarhátt þátíðar. Hann segir að oftast hafa verið tíðasamræmi þó að annað komi stundum fyrir. Dæmi:

(1.24) hann **sendi** ok menn norðr í Þrándheim til Sveins sonar síns, að hann **safni** liði um Þrándheim (Jómsvíkinga saga)

Sérstök háttanotkun og tíðamisræmi gat komið fram í *að*-setningum með hjálparsögninni *skulu* eftir sögnum í þátíð í merkingunni ‘biðja, skipa, hvetja, ráða’ og þ.h. (Nygaard:275-6 [§272]), stundum í nútíð en oftast í þátíð. Oft var tíðamisræmi, hjálparsögnin *skulu* höfð í nútíð, ýmist í framsöguhætti eða viðtengingarhætti, oftast í framsöguhætti, þrjú dæmi um það:

- (1.25) a. þá **kallaði** Jörmunrekr **at** þá **skal** berja grjóti (Snorra-Edda)
b. **mælti** við þá **at** þeir **skulu** fylla belginn af rauðu gulli (Snorra-Edda)
c. var þat **ráðit at** þeir **skulu** leggja her sínum upp undir bryggjurnar (Ólafs saga helga)

Óbein ræða kemur líka við sögu hjá Nygaard í *að*-setningum (1905:284-291 [276-281]) þar sem notaður var viðtengingarháttur eins og hefðbundið hefur verið (sjá m.a. Árna Böðvarsson 1992:242-3) þó að nú sjáist framsöguhætti bregða fyrir eins og fram kom í Tilbrigðakönnuninum (sjá *töflur* 3.12 og 13). Ef gúglað er „segir að það er“ kemur upp kynstur af setningum, þ.á m. þessi:

(1.26) Hún **segir** að það **er** í lagi að planta vandamálum sínum á líkama sinn í einhvern tíma.

Til voru dæmi í fornum ritum um óbeina ræðu í framsöguhætti í nútíð þegar mælandi vill leggja áherslu á raunveruleika þess sagða (Nygaard 1905:286 [278]):

(1.27) vér **lýsum yfir** því, at vér **göfgum** helga þrenning (Íslensk hómilíubók)

Einnig var oft skipt yfir í beina ræðu (1905:288 [280]):

(1.28) ...**segir**, at þetta **er** góð íþrótt (Snorra-Edda)

Nygaard segir (1905:291 [§282]) að í öllum öðrum tilvikum en þeim talin voru upp í [§271-281] og gerð hafa verið nokkur skil hér á undan, sé notaður framsöguháttur í *að*-setningum, sem sagt í staðreyndasetningum á eftir sögnum og orðasamböndum sem tákna skynjun, skilning, þekkingu, reynslu, t.d. *sjá, heyra, vita, finna, minnst, skilja, kenna, merkja, gá, verða var við, kanna, fregna, spyrja, muna*.

Sé prófað að gúgla „ég veit að“ núna árið 2012 kemur upp fjöldi setninga sem brjóta í bága við þessa venju. Eitt dæmi af mörgum:

(1.29) Nei ég **veit að** það **sé** ekki hægt að banna þetta, því miður.

Áður en sagt er skilið við *að*-setningar er ráð að skoða hvað stendur í ritum annarra fræðimanna. Flestir skýra háttanotkun í *að*-setningum á svipaðan hátt og Nygaard misnákvæmlega og enginn jafnnákvæmt og hann. Allir leggja áherslu á viðtengingarhátt í óbeinni ræðu.

Jakob J. Smári segir einnig ýtarlega frá háttanotkun í *að*-setningum og eins og Nygaard telur hann m.a. upp sagnir í móðursetningu sem taka með sér *að*-setningu í viðtengingarhætti og sýnir dæmi, jöfnum höndum í nútíð og þátíð. Sú upptalning er svipuð upptalningunni hjá Nygaard í dæmi (1.23), oft sömu eða svipaðar sagnir (Jakob Jóh. Smári 1920:210-220 [§132-135]).

Bruno Kress (1982:238-242) fer heldur flóknari leið í skýringu sinni á háttanotkun í *að*-setningum, hann telur háttaval í þeim tengjast stöðu þeirra sem

setningarhluta í móðursetningunni, hvort þær eru frumlag, andlag eða hluti forsetningarliðs (1982:238 [§574-5]). Hann tekur dæmi um háttanotkun í að-setningum, flokkar þær fyrst eftir setningafræðilegri stöðu, síðan eftir háttum sem ráðast af sögnum og orðasamböndum í móðursetningu. Fyrst þær sem **frumlag** fylgir:

framsöguháttur: *auðsætt, verða ljóst, koma í ljós, vilja til, mega með sanni segja*

viðtengingarháttur: *sýnast, þykja, vita/sjá/minna ekki betur, vera líklegt/ vitlegra/ ákjósanlegra, segja, detta í hug, rifjast upp fyrir e-m, geta verið, virðast, sýnast*

(1.30) a. Mér er nú **orðið ljóst** að til búskapar **hef** ég hvorki hug né dug.

b. Af vegsummerkjum **sýnist** mér líklegt að nokkrir kofar **hafi** staðið á sjávarbakkanum.

Því næst þær sem eru **þolfalls-, þágufalls-** eða **eignarfallsandlög** sagnanna:

framsöguháttur: *sjá heyra, finna, gera sér ljóst, sýna, vita, minnast o.s.frv.*

viðtengingarháttur: *vilja ekki viðurkenna, neita, vilja ekki láta e-n sjá, halda, hugsa sér, trúna, telja, óttast, ekki svo að skilja, vilja, óska, búast við, vænta, mælast til, kæra sig ekki um, biðja fyrirgefningar, vilja, biðna e-s, dreyma í óbeinni ræðu: segja, skrifa, spá, geta, vona, hugsa, halda*

(1.31) a. Þið skuluð **sjá** að ykkur **verður** ekki að fyrirætlun ykkar.

b. Ég **held** að við **séum** nú á réttri leið.

Loks dæmi í að-setningum sem hluta af **forsetningarlið:**

framsöguháttur: *vera viss um, kemur að e-u*

viðtengingarháttur: *hugsa um, heyra ekkert um, vera ekki kunnugt um, vera hræddur um, hlynna að, líta út fyrir, benda til, vanta á, geta gert að e-u*

(1.32) a. Ég er alveg **viss um** að bréfið **kemur** í dag.

b. Það **vantar** mikið **á** að barnið **geti** gengið upprétt

Að öðru leyti fer Bruno Kress svipaða leið og Nygaard, bendir á að þær sagnir eða orðasambönd í móðursetningu sem tjá eitthvað hugsanlegt eða óraunverulegt krefjist viðtengingarháttar, einnig óbein ræða. [§574].

Höskuldur Þráinsson skýrir m.a. háttanotkun í *að*-setningum m.a. í fjórum línum í bók sinni *Handbók um málfræði* (1996, 2006:290):

Þegar álitssagnir taka með sér **aukasetningu** (**skýringarsetningu**) sem andlag, er sögnin í þeirri aukasetningu yfirleitt í **viðtengingarhætti**. Álitssagnir geta að jafnaði ekki tekið með sér **aukasetningu** sem inniheldur sögn í **framsöguhætti** en staðreyndasagnir geta það yfirleitt.

Í nýlegri bók *Handbók um íslensku* (2011:271-2) stendur:

Í skýringarsetningum er yfirleitt notaður viðtengingarháttur en þó einnig stundum framsöguháttur og fer það eftir merkingu sagnar í aðalsetningu. ...

(1.33)a. Hún vill að hann *komi*. (vh.)

b. Ég veit að þetta *er* satt. (frsh.)

Þarna virðist orðið *yfirleitt* vera fullvitt hugtak um notkun viðtengingarháttar í *að*-setningum, því að þótt þær séu algengar bæði í óbeinni ræðu og með mörgum álitssögnum eins og áður er getið er framsöguháttur líka algengur með staðreyndasögnum eins og sýnt er í (133b). Í framhaldi eru þó í bókinni nánari skýringar á hvenær framsöguháttur er notaður, m.a. um staðreynd.

1.3.2.2 Viðtengingarháttur í spurnarsetningum

Hér verður skoðað það sem fram kemur í ritum fræðimanna um viðtengingarhátt í spurnarsetningum og umfjöllun þeirra jafnóðum borin saman við eigin rannsóknir á háttanotkun í *hvort*-setningum í nútíð sem sagt er frá í 2. kafla. Farið verður nokkurn veginn eftir tímaröð.

Í niðurstöðum úr rannsóknum mínum kemur fram að gífurlegar breytingar hafa orðið í árána og aldanna rás á háttanotkun í *hvort*-setningum. Ekki er þó víst að hægt sé að yfirfæra þær niðurstöður á allar spurnarsetningar.

Í fljótu bragði sýnist nokkuð ljóst að sögn eða orðasamband í móðursetningu ráði háttavali í spurnarsetningum svipað og í *að*-setningum.

(1.34) a. Ég **veit ekki** hvort hann **er** heima.

- b. Ég **spyr** hvort hann **sé** heima.
- c. Ég skal **athuga** hvort hann **er/sé** heima.
- d. Ég er **ekki viss** hvort hann **er/sé** heima.

Jón G. Friðjónsson segir hins vegar í þættinum Íslenskt mál í *Morgunblaðinu* (2003) að annað gildi um *hv*-setningar (spurnarsetningar) en *að*-setningar. Hann freistar þess að sýna í grófum dráttum hvernig ætla megi að „flestir Íslendingar noti framsöguhátt og viðtengingarhátt í ákveðinni gerð aukasetninga“. Hann segir að merking ráði aðeins ferðinni í þátíð. Um háttanotkun í *hv*-setningum segir hann:

Þar virðist tíð sagnar skipta mestu máli. Ef móðursetning er í nútíð er jafnan notaður framsöguháttur nema í óbeinni ræðu (t.d. með so. spyrja):

- (3a) Ég *veit* ekki hvort hann er heima (móðursetning í nútíð)
- (3b) Hann *spyr* hvort þetta geti staðist/sé rétt (óbein ræða)

Líklega lýsir Jón þarna háttanotkun sinni og eflaust margra Íslendinga (og líklega minni) en niðurstöður úr rannsókn minni árið 2003, sem segir frá í 2. kafla, benda þó til að lýsingin geti tæpast átt við flesta Íslendinga. Í *töflu 2.2* sést að það á ekki einu sinni við um þá elstu sem fæddir eru á árunum 1930-1939. Í *töflu 2.1* sést einnig að þegar á 18. og 19. öld er orðið talsvert um að fólk sé farið að nota viðtengingarhátt víðar en í óbeinni ræðu eftir sögninni *spyrja* (sjá líka dæmi 1.38).

Nygaard segir þetta meðal annars um háttanotkun í spurnarsetningum í fornu máli (Nygaard 1905:297-8 [286§]):

Viðtengingarháttur er ... hafður á eftir sögnum og orðasamböndum sem tákna «spyrja» (spyrja, fregna, fréttu, leita, leiða að spurningum o.s.frv.)... Athugasemd 2. Iðulega er þó notaður framsöguháttur í spurnarsetningum eftir sögnunum «spyrja» þar sem bein ræða er látin haldast.

Þarna er greinilega verið að lýsa háttanotkun í setningum sem myndu flokkast undir I. merkingarflokk með einkennisorðinu *spyrja* í rannsókn minni á spurnarsetningum í nútíð með tengingunni *hvort*. Í niðurstöðum úr henni kemur fram að í fornritum eru hlutföllin í *hvort*-setningum í nútíð 25:19, þannig að framsöguháttur er þar í tæpum 57% tilvika. Í *töflu 2.1* sést að þetta er eina tímabilið sem viðtengingarháttur er ekki

svo til einráður í þvítíkum setningum allt fram undir þennan dag (sjá þó niðurstöður úr Tilbrigðakönnunum í *töflu 3.14*). Í dæmi (1.35) sjást *hvort*-setningarnar 25 úr fornritum sem voru í framsöguhætti, allar eftir sögninni *spyrja*:

(1.35)a.

Án **spyr** Þóri, hvárt hann **vill**, at hann fari með hirðinni (Áns saga bogsveigis).

Nú vil eg þess **spyrja** hvort nokkur sætt **skal** koma fyrir málið (Bandamanna saga).

En hann **spyr**, hvárt hún **vill** herða oftár (Bósa saga og Herrauðs).

Herrauðr **spyr**, hvárt hún **vill** heldr fara heim með þeim (Bósa saga og Herrauðs).

Konungr **spyr** nú, hvárt hann **kann** nokkut fleiri slagi, (Bósa saga og Herrauðs).

Egill ... **spyr** Arinbjörn, hvort hann **vill** heldur úti eða inni tala við Egil Skalla-Grímsson (Egils saga).

Hann kallar þá og **spyr** hví hann komist aldrei eða hvort hann **hefir** enn eigi nógar hvannirnar (Fóstbræðra saga).

Man eg það víst hvað þú nefndist en að því **spyr** eg hvort þú **heitir** svo sem þú nefndist (Fóstbræðra saga).

Og er liðnar voru þrjár nætur fór Gísli og hittir Kolbjörn og **spyr** hvort hann **er** búinn til hólmostefnunnar (Gísla saga Súrssonar).

Kolbjörn svarar og **spyr** hvort hann **skal** það til ráðsins vinna (Gísla saga Súrssonar).

Hann **spyr** Þorkel bróður sinn ráða eða hvað hann legði til með honum eða hvort hann **vill** nokkra ásjá veita honum (Gísla saga Súrssonar).

spyr hann hvort Helga **er** ekki ákaft um ferðina eða hví hann liggur (Gísla saga Súrssonar).

Þeir **spyrja** hvort hann **vill** sigla að þessu landi eða eigi (Grænlandinga saga).

Böðvarr **spyr** Hjalta í hljóði, hvárt hann **þorir** at reyna við einhvern þeira (Hrólf's saga kraka og kappa hans).

Nú vil eg þess **spyrja** heiðna menn og kristna hvort þeir **vilja** hafa lög þau er eg segi upp (Brennu-Njáls saga).

Eg vil og **spyrja** þig Flosi hvort nokkur **er** allmikill lögmaður í liði (Brennu-Njáls saga).

Þá **spyr** Oddr, hvárt menn **biðja** ekki konungs dóttur (Örvar-Odds saga).

Geitir fer eftir Þórarni og **spyr** hvort hann **hefir** þegið stóðhrossin að Brodd-Helga (Vopnfirðinga saga).

b. Tíðamisræmi, þátíð í móðursetningu en nútíð í spurnarsetningu

en hún **spurði** hvort hann **ætla** þá enn í Mávahlíð „og klappa um kerlingarnárann?“ (Eyrbyggja saga).

Hún tók við meninu og **spurði** hvort Þórður **er** þar (Bjarnar saga Hítðalakappa).

Þá **spurði** Helgi Grím bróður sinn hvort hann **vill** skjóta til Helga Ásbjarnarsonar uppi eða niðri (Droplaugar sona saga).

Bjó Geirríður þá sæng og **spurði**, hvort Grímur **vill** liggja einn saman eða hjá sér (Gríms saga loðinkinna).

Brúni **spurði**, hvort hann **vill** liggja hjá dóttur hans eða einn saman (Ketils saga hængs).

c. Tíðamisræmi, nútíð í móðursetningu en þátíð í spurnarsetningu:

Oddur **spyr** hvort hrossum Þorbjarnar höfðu stolið útlendir menn eða utanhéraðsmenn eða nábúar hans (Eyrbyggja saga).

d. Tíðasamræmi með þátíð í bæði móðursetningu og spurnarsetningu:

Þá gekk hann til hennar og **spurði** hvort hún **var** sár (Eyrbyggja saga).

Af dæmunum 25 um framsöguhátt eru 10 dæmi með sögninni *vilja* í spurnarsetningunni.

Nygaard segir einnig svo m.a. um háttanotkun í spurnarsetningum (Nygaard 1905:295 [285§]):

Viðtengingarháttur er hafður í spurnarsetningum eftir sögnum og orðasamböndum sem merkja «spyrja prófa, reyna, ráðgast um, hugleiða, íhuga, geta sér til, sjá til» o.s.frv., t.d.:

(1.36) *freista, hætta, reyna, kosta – skynja, leita, njósna – hugleiða, hugsa, hyggja at, vera hugsjúkr – ráða ‘ráðgast um’ – ráða ‘gefa í skyn’ – ifa, gruna – vita, sjá* (í merkingunum «líta eftir, athuga, komast að»).

Dæmi um setningu:

(1.37) Þar skal þó til **hætta**, hvárt meira **megi** gipta vár (Morkinskinna)

Þessar sagnir og orðasambönd eru borin nú saman við flokkun í rannsóknum mínum á háttanotkun í *hvort*-setningum. Þá sést að flokkun orðanna væri þessi:

III. flokkur einkennisorð *athuga*:

freista, hætta, reyna, kosta, skynja, leita, njósna, vita, sjá (í merkingunum ‘líta eftir, athuga’).

V. flokkur einkennisorð *efa*:

hugleiða, hugsa, hyggja at, vera hugsjúkr, ráða ‘ráðgast um’, ráða ‘gefa í skyn’, ifa, gruna.

Það mun rétt vera að í upphafi ritaldar hafi viðtengingarháttur verið fátíður nema með sögninni *spyrja*. Fróðlegt er nú að skoða þau dæmi sem fundust úr ritum 13.-15. öld um viðtengingarhátt í *hvort*-setningum sem ekki voru með sögnina *spyrja* í móðursetningu. Dæmin gætu efalítið verið fleiri ef allar spurnarsetningar hefðu verið skoðaðar. Alls komu fyrir 10 sagnir eða orðasambönd í 14 setningum sem öll flokkast undir merkinguna í III. flokki *athuga* eða V. flokki *efa*:

III. flokkur einkennisorð *athuga*: forvitnast, heyra, hætta á, leiða athuga, reyna, sjá, vita, þekkja

V. flokkur einkennisorð *efa*: koma á ræðu, ræða um

Dæmin sem fundust um viðtengingarhátt í *hvort*-setningum í fornritum sem ekki voru eftir sögninni *spyrja* voru 14. Verða nú dæmin talin upp:

(1.38)

Förum vér til grafa þeirra og **þekkjum**, hvort vér **megim** finna þar nekkvert mark hræsni þeirra eða lostasemi eða auðæfa (Íslensk hómilíubók).

Leiðum það athuga miklum, hvað vér drýgjum á hverjum degi, hvort það sé að Guðs vilja eða í gegn hans boðorðum (Íslensk hómilíubók).

Skal þér leyfa að taka frá honum fjárhlutina fyrst og **vita**, hversu hann verði við, hvort hann **láti** rakna nakkvat eða réna trú eða vinfengi við mig (Íslensk hómilíubók).

Til þess þarf illa menninga með góðum, að þeir **reyna** þá, hvort þeir sé góðir (Íslensk hómilíubók).

En sumir mæltu: „**Sjáum** vér nú, hvort Elías **muni** koma að frelsa hann eða eigi“ (Íslensk hómilíubók).

Nú skal vera brauðhleifur syfldur fyrir manni og **vitum** hvort hann **gefi** hundinum af. (Bjarnar saga Hítðælakappa).

Þeir Björn og Þórólfur **koma á ræðu** við Þóri, hvað hann ætlar, hvort það sé með sannindum, að konungur hafi þungan hug á Þórólfi (Egils saga).

mun eg **vita** við skipverja mína hvað þeim sýnist ráð, hvort eg **taki** við þér eða eigi (Fóstbræðra saga).

þá sjá þeir kvikt nakkvað í einu skeri og **ræða um** hvort það **muni** vera selur eða annað (Fóstbræðra saga).

Nú skalt þú **vita** hvort mér **hafi** skilist og mun eg nú taka í hönd þér og láta sem eg festi mér Helgu dóttur þína (Gunnlaugs saga ormstungu).

og mun eg fara heim til bæjarins á njósn að **forvitnast** hvort Helgi sé heima (Laxdæla saga)

eg vil bjóða yður öllum heim til mín og **hætta á** hvort eg **geti** kaup fyrir yður (Brennu-Njáls saga).

vita, hvort þeir... **gjöri** þeir meir til þess, að Guð veiti þeim veraldlega giftu, bæði fjárhluti og metorð og heilsu hér innan heims (Íslensk hómilíubók).

hann vill, að þeir, er þetta heyra, skuli vita, að hann vill reyna alla sína vini, **vita**, hvort þeir **geri** góðgerninga sína meir fyr trúu sakar og ástar við Guð.. (Íslensk hómilíubók).

Síðasta dæmið kemur að vísu eftir *að*-setningu, það getur haft áhrif á háttanotkunina. Ekki tóku þessar sagnir þó alls staðar með sér viðtengingarhátt. Dæmi:

(1.39) Það er erindi mitt hingað að **vita** hvort þú **vilt** halda sættir við mig þær er konungur gerði milli okkar (Bjarnar saga Hítðlakappa).

Hér mætti ef til vill bæta við 24 dæmum um setningar í viðtengingarhætti í nútíð þar sem *ef* er notað í merkingunni *hvort*. Sagnir í móðursetningum: *bíða* (1), *freista* (4), *hyggja að* (1), *leita* (1), *leitast um* (1), *segja* (1), *vita* (15). Fyrir kom að framsöguháttur var notaður. Tvö dæmi:

(1.40)a. Þenna mann fann Þorgerður á vorþingi og **spyr** ef hann **vilji** ráðast til hennar fjár að gæta (Krókarefs saga)

b. og fer utar með öðrum bekk og **spyr** enn ef þeir **þykjast** jafnsnjallir honum en þeir kváðust eigi jafnsnjallir honum. (Víga-Glúms saga)

Jakob Jóh. Smári (1920:221-3 [§136-9]) nefnir fyrst sem aðrir að sögnin *spyrja* taki með sér viðtengingarhátt í spurnarsetningum og öðrum sögnum sem merkja „að spyrja eða leita fréttar“ og nefnir einnig að þar hafi framsöguháttur komið fyrir að fornu, sbr. dæmi (1.35). Hann segir að viðtengingarháttur sé og notaður á eftir sögnum og orðtækjum sem merkja ‘tilraun, rannsókn, íhugun, efa og óvissu. Hann fjallar um nútíð og þátíð í senn og tekur dæmi um setningar í báðum háttum og tíðum. Meðal annarra dæma eru þrjú um *hvort*-setningar í viðtengingarhætti í nútíð, öll í merkingunni ‘athuga’ úr *Manni og konu* frá 19. öld:

(1.41) Þótt hann **prófi**, hvort nokkuð sé tilhæft
er **skyggst eftir**, hvort Egill sé heim kominn
Sigurður vill nú **forvitnast um**, hvort Þorsteinn **muni** enn með nokkru lífi

Jakob segir að lokum [§139] að yfirleitt sé notaður framsöguháttur í spurnarsetningum sem hér er talað um sem staðreyndasetningar, þó að þar séu undantekningar þegar um rannsókn eða óvissu sé að ræða.

Kristján Árnason (1981:154-172) veltir fyrir sér merkingu viðtengingarháttar í íslensku í grein sinni. Hvort hættirnir hafi einhverja fasta merkingu. Hann fjallar ekkert sérstaklega um spurnarsetningar en vangaveltur hans snerta þær auðvitað, til

dæmis hvort merking ráði eða hvort háttanotkun sé formsatriði (Sjá m.a. í 1.3.1.1 um *ef*-setningar og 1.3.1.3 um *þótt*-setningar).

Bruno Kress segir (1982:249 [§604]) að spurnarsetningar séu í framsöguhætti þegar staðreyndasögn er í aðalsetningunni og í [§605] að þær séu í viðtengingarhætti eftir aðalsetningum með sögnum sem merkja frásögn, spurningu, athugun og vafa. Í athugasemd 1 segir hann að val milli háttá sé fremur frjálst.

Dæmin eru eins og hjá fleirum nútíð og þátíð í bland, ekkert með tengingunni *hvort*. Eitt dæmanna í nútíð í viðtengingarhætti:

(1.42) Bankastjórana **greinir á** hvernig verja **skuli** þessum peningum.

Bruno Kress (1982:249 [§603]) talar um tenginguna *hvort* sem spurnarforafni: „*hvor, hvort* ‘wer von beiden, was von beiden (=ob)’“ en þýðir orðið innan sviga með tengingunni *ob*. Þetta gaf tilefni til að skoða skýringar á tengingunni *hvort* í orðabókum. Í Íslensk-danskri orðabók Sigfúsar Blöndal (1980:378) er tengingin undir fornafninu *hvor* og undirfærslunni:

1.b. spurnartenging, jeg spurði hvort hann vildi kaffi – .

Í *Íslenskri orðabók handa skólum og almennungi* (1980:293):

hvort st. um annað af tvennu ... *ófleyguð* ... : segðu mér hvort hún er heima.

Í *Íslenskri orðabók* (2002:684):

hvort ðñ 1 um annað af tvennu (með fsh. nema eftir sögn sem felur í sér spurningu eða vafa, eða (nýrri notkun) alltaf með vth.) > *mér er sama hvort <heldur> er / spyrdur hvort hann sé heima / segðu mér hvort hún er heima...*

Aðeins Sigfús Blöndal nefnir spurnartengingu. Í nýjustu bókinni frá 2002 er tekið djúpt í árinna um háttanotkun í *hvort*-setningum þar sem stendur innan sviga að í nýrri notkun sé alltaf viðtengingarháttur. Varla er svo komið enn en eins og ég nefni víðar þykir mér ekki ólíklegt að sá verði endirinn ef svo fer fram sem horfir.

Jón G. Friðjónsson tók sem dæmi í áður nefndum Morgunblaðsþætti (2003) um háttanotkun í spurnarsetningum þær tvær sagnir sem lengst hafa tekið með sér hvor sinn hátt í *hvort*-setningum, *vita* framsöguhátt, *spyrja* viðtengingarhátt, en samt hefur orðið breyting á háttanotkun í *hvort*-setningum sem þeim fylgja eins og fram kom í Tilbrigðakönnuninum (sjá um *spyrja* í *töflum 3.14 og 15*) og einnig í rannsóknum mínum (sjá *töflur 2.1-4*). En of mikil einföldun er að styðjast eingöngu við þessar tvær sagnir. Jón segir fjórtán árum fyrr (1989:31):

Aðeins örfáar sagnir og orðasambönd taka með sér spurnarsetningar

Eins og sést í umfjöllun Nygaards (Nygaard 1905:295 [§285]) var í fornu máli um fleiri sagnir að ræða sem taka með sér viðtengingarhátt en þær sem eru annaðhvort eindregnar staðreyndasagnir eða sagnir sem taka með sér óbeina ræðu. Sjást 17 sagnir af upptalningu hans í dæmi (1.36). Eftir rannsóknir mínar á *hvort*-setningum í nútíð um árabíl þóttist ég einnig *vita* að þessi staðhæfing stæðist ekki og eftir nákvæma athugun kom í ljós að í móðursetningu þeirra *hvort*-setninga í viðtengingarhætti sem ég skoðaði voru 64 sagnir, aðrar 57 með ögn eða forsetningu/atviksorði, 125 orðasambönd og 25 nafnorð, alls 271 tilbrigði sem eru talin upp í 2.4 (dæmum 2.22-25), flokkuð í 5 flokka eftir merkingu; *spyrja*, *vita*, *athuga*, *ákveða*, *efa*. Að vísu kom einstaka sögn fyrir oftár en einu sinni vegna mismunandi merkingar eða í öðru samhengi með ögn eða í orðasambandi.

Einnig sést glögglega í *töflu 2.1* að staðhæfing Jóns Friðjónssonar (2003):

Ef móðursetning er í nútíð er jafnan notaður framsöguháttur nema í óbeinni ræðu (t.d. með so. *spyrja*)

stenst ekki heldur, jafnvel þótt hún samrýmist líklega háttanotkun einhverra. Í *töflunni* sést, svipað og fram kemur hjá Nygaard, að viðtengingarháttur var notaður með fleiri sögnum en *spyrja*, sem reyndar tók oft með sér framsöguhátt á þeim tíma, sbr. dæmi (1.35).

Ég hafði aðeins við 26 dæmi við að styðjast frá 16. og 17. öld en strax á 18. öld fjölgar dæmum í III. flokki *athuga* og V. flokki *efa*. Það er þó ekki fyrr en á 19. öld að dæmi fara sjást um staðreyndasetningar í viðtengingarhætti en í III. flokki er viðtengingarháttur kominn í 49% setninga og í 19% setninga í V. flokki. Á 20. öld

verður viðtengingarháttur algengur í öllum merkingarflokkum nema í staðreyndasetningum og það er ekki fyrr en á síðasta aldarfjórðungi 20. aldar sem hann sækir einnig á þar (*tafla 2.1* og *mynd 2.1*).

Úr *töflu 2.2* sem miðuð er við texta frá áratugnum 1993-2003 er hægt að lesa að á árunum notar elsta fólkið, fætt 1930-1939, viðtengingarhátt oftast en framsöguhátt í textum í setningum í III. flokki *athuga* og V. flokki *efa*, minna í IV. flokki *athuga* og alls ekki í staðreyndasetningum í II. flokki *vita*. Miðað við allar þessar breytingar sem hafa átt sér stað um aldir er því vart hægt að segja að viðtengingarháttur sé aðeins notaður eftir sögninni *spyrja*.

Árni Böðvarsson segir m.a. í bókinni *Íslenskt málfar* (1992:242):

Fullnægjandi reglur um notkun viðtengingarháttar hafa ekki allar fundist. Um sumt er þó ekki vafi hvernig það er í vönduðu máli og nokkur atriði verður bent hér á sem raunar mætti kalla reglur í nútímaíslensku. Margvísleg notkun viðtengingarháttar verður þó ótalin.

og á bls. 244:

Samtengingin *hvort* veldur stundum vanda. Um framsöguhátt og viðtengingarhátt é eftir henni gilda sömu reglur og um önnur spurnarorð... Sé maður í vafa um hátt á eftir samtengingunni *hvort* má því fara eftir því hvaða háttur væri á eftir öðrum spurnarorðum, setja til dæmis *hvaða* eða *hvenær* í staðinn.

Prófað var að gúgla “athuga hvenær” og fljótlega komu tvær setningar upp með viðtengingarhætti:

(1.43) Guðrún ætlar að senda kostnaðartölur, enn fremur þarf að **athuga hvenær** hún **geti** skilað álitsgerðinni

(1.44) Enn ég er **ekki viss** *hvaða* spurningar ég **eigi** að spurja hana?

Árni segir á bls. 245:

Röng notkun:

Ekki hefur verið **staðfest** hvort maðurinn *sé* í höndum mannræningja.

Ég efast um að allir taki undir að setning eins og þessi sé „röng“. Merkingin getur verið mismunandi eftir því hvort hafður er framsöguháttur eða viðtengingarháttur. Ég er þó ekki viss um að ég geti beinlínis greint merkingarmun en líklega fylgir meiri óvissa viðtengingarhættinum.

Ekki hefur verið staðfest hvort maðurinn *er* í höndum mannræningja.

Jón Friðjónsson veltir fyrir sér skýringu á breytingu á háttanotkun í *hv*-setningum (2003):

En hvernig skyldi standa á þessu? Mér sýnist að skýringin sé sú að þau lögmál sem gilda um notkun háttanna í að-setningum (merking sagnar í móðursetningu) séu notuð í *hv*-setningum í nútíð þar sem þau eiga ekki við.

Sé eitthvað til í þessari skýringu er sú áhrifsbreyting ekki nýtilkomin heldur aldagömul. Vant er líka að sjá hvernig hún gæti verið til komin.

Í *Handbók um íslensku* (2011:272) segir m.a. að í spurnarsetningum sé ýmist notaður framsöguháttur eða viðtengingarháttur og fari það eftir tíð sagnar í aðalsetningu. Undantekning sé sögnin *spyrja* og orðasambönd sem fela í sér spurningu sem alltaf taki með sér viðtengingarhátt. Síðan segir:

Um aðrar sagnir, sem taka með sér *hv*-setningu, gildir að ef aðalsetning er í nútíð er notaður framsöguháttur í *hv*-setningum ...

Ég veit ekki hvort hún getur komið / er heima. (frsh.)

Þessi staðhæfing um hvað gildi um háttanotkun í *hv*-setningum í nútíð stenst ekki. Ekki þarf frekar vitnanna við en skoða niðurstöður úr Tilbrigðarannsóknunum og rannsóknum mínum sem sagt er frá í 2. kafla, bendi þar m.a. á *töflu 2.1*. Jafnvel sem ábending getur hún tæpast talist raunhæf. Ólíklegt er að hægt væri með handafli að snúa við þeirri miklu breytingu sem gengur enn yfir jafnvel þótt vilji væri fyrir hendi.

1.5 Samantekt

Margir fræðimenn hafa velt fyrir sér háttanotkun og reynt að finna út hvort einhverjar reglur í málinu hafi ráðið því hvernig háttunum hefur verið beitt, bæði í fornum ritum og í nútímamáli. Fram kom að umræðunni um viðtengingarhátt í nútíð og þátíð var víðast eða alls staðar blandað saman en það er hamlandi því að bæði merking og notkun eru gerólíkar. Ljóst er að miklar breytingar hafa orðið í aldanna rás, sem dæmi má taka gátu *að*-setningar í óbeinni ræðu og setningar með sögninni *syrja* í móðursetningu stundum tekið með sér framsöguhátt til forna. Allir fræðimennirnir sem hér er vitnað til telja þó að venjan hafi löngum verið sú að nota viðtengingarhátt í þessum setningum en framsöguhátt þegar um staðreynd er að ræða. Flestir gera ráð fyrir að nokkur breytileiki sé í háttanotkun í spurnarsetningum en fæstir virtust vera farnir að gera ráð fyrir þeim miklu breytingum sem koma fram í niðurstöðum rannsókna minna og Tilbrigðarannsóknarinnar sem verða dregnar fram í 2. og 3. kafla.

2

Rannsóknir á háttanotkun í *hvort*-setningum í nútíð

Þessi kafli fjallar um þrjár eigin rannsóknir á háttanotkun í spurnarsetningum í nútíð með tengingunni *hvort* sem fengnar voru rafrænt af Netinu. Frá fyrstu rannsókninni segir í 2.1 en hún var gerð árið 2003 á efni allt frá upphafi ritaldar um 1200 til ársins 2003. Hinar tvær eru gerðar í framhaldi af henni, sú næsta var gerð árið 2008 á bloggtextum frá árunum 2003-2008 og frá henni segir í 2.2. Frá hinni þriðju segir í 2.3 en hún var gerð árið 2011 á bloggtextum 2004-2011 fólks sem fætt er a) 1970-1979 og b) 1980-1989. Rannsóknaraðferðin var alls staðar hin sama og er henni lýst í 2.1.2. Í 2.4 eru talin upp öll tilbrigði sem komu fyrir í móðursetningum með *hvort*-setningu í viðtengingarhætti. Í 2.5 er samantekt. Niðurstöður eru sýndar með töflum og súlurítum. Í 3. kafla er sagt frá fjórðu rannsókn minni, lítilli könnun um háttanotkun hjá 116 grunnskólabörnum í 4-7. bekk. Í 3. kafla er einnig sagt frá þátttöku minni í Rannsóknarverkefninu Tilbrigði í setningagerð en þar voru *hvort*-setningarnar þó í aukahlutverki. Upphaflega tilgátan var sú að háttanotkun hefði tekið breytingum frá fyrri hluta 20. aldar eða lengur. Í ljós kom að sú tilgáta reyndist á rökum reist.

2.1 Rannsókn 2003 á háttanotkun í *hvort*-setningum í aldanna rás¹¹

Í inngangi var sagt frá hugleiðingum mínum og ýmissa annarra um að háttanotkun virtist vera að taka breytingum frá því sem álitin var hefðbundin notkun. Árið 2003 þegar ég valdi mér viðfangsefni í lokaritgerð í námskeiðinu 05.41.34 *Íslenska sagnkerfið í sögulegu ljósi* hjá kennaranum Jóni Axel Harðarsyni ákvað ég að athuga málið. Í 1. kafla sagði frá ástæðum fyrir þeirri ákvörðun minni að takmarka umfjöllun mína við háttanotkun í nútíð. Þar er einnig rætt um að í fallsetningum ráði aðalsögn eða orðasamband í móðursetningu því um hvers konar fallsetningu er að ræða

¹¹ Þessi grein byggist að miklu leyti á grein minni í Íslensku máli 2006 og eru allar töflur og myndir þaðan.

(skýringarsetningu eða spurnarsetningu). Aðalsögnin eða orðasamband í móðursetningunni ráði því einnig hvaða háttur er valinn. Misræmið virtist einkum vera í nútíð og líklega allra mest í spurnarsetningum.

2.1.1 Afmörkun viðfangsefnisins

Til að reyna að svara þeirri spurningu hvort hugboð mitt um breytingu á háttanotkun væri á rökum reist athugaði ég árið 2003 val milli framsöguháttar og viðtengingarháttar á afmörkuðu sviði þar sem mér virtist breytingin vera hvar mest, þ.e. í spurnarsetningum með persónubeygðri sögn í nútíð. Ég takmarkaði rannsóknina við setningar með spurnartengingunni *hvort*, m.a. vegna þess að þar virtist mér hvað mest áberandi að margir notuðu nú viðtengingarhátt á stöðum þar sem mér fannst einboðið að nota framsöguhátt. Ætlunin var að reyna að greina hvort breyting hefði orðið á þeirri setningagerð og þá hvenær. Ekki er þar með sagt að niðurstöður úr rannsókninni eigi við allar spurnarsetningar.

Í því skyni fór ég í gegnum mikið tölvutækt efni sem ritað hefur verið í aldanna rás. Í efni frá síðari hluta 20. aldar flokkaði ég auk þess sérstaklega texta eftir aldri höfunda, miðað við fæðingarárátug, til að kanna hvort yngri höfundar væru gjarnari á að nota viðtengingarhátt en hinir eldri.

Hér verður gerð grein fyrir framkvæmd þeirrar rannsóknar og niðurstöðum úr henni, þær sýndar í *töflum* og súluritum og síðan hugleitt hvaða ályktanir má draga af þeim.

Ég ákvað að sleppa setningum á borð við setninguna í dæmi (1.12), þar sem *hvort*-setningin er hluti af lengra samhengi þar sem allar persónubeygðar sagnir eru í viðtengingarhætti. Þær reyndust vera aðeins fjórar talsins í þeim efniviði sem þá var safnað.

2.1.2 Rannsóknaraðferð og efniviður

Tilgangur athugunarinnar var að komast að því hvaða háttur er notaður og hefur verið notaður í spurnarsetningum með tengingunni *hvort* miðað við merkingu aðalsagnar eða orðasambands í móðursetningu. Einnig var skoðað hvort breyting hefur orðið á í tímans rás og þá hvenær. Í því skyni fínkembdi ég flesta þá texta í tölvutæku formi sem ég kom höndum yfir, texta allt frá því um aldamótin 1200 til vorra daga. Leitin að *hvort*-setningum var auðveld því að mikið var til af tölvutæku efni á Netinu frá ýmsum tímum, þar á meðal Íslendingasögur og ýmis önnur fornrit, Biblían,

Þjóðsögur, nokkur skáldrit sem ekki eru lengur varin af höfundarrétti o.fl., en einnig ýmsir nýlegir textar. Á Orðabók Háskólans fékk ég aðstoð við að leita í skáldverkum sem enn eru varin af höfundarrétti. Tók ég öll dæmi úr þeim ritum og öðru efni sem ég skoðaði. Í *viðauka* í lok ritgerðarinnar er skrá yfir textana sem notaðir voru í rannsóknina.

Eingöngu voru valdar úr *hvort*-setningar í nútíð. Síðan voru setningarnar flokkaðar eftir merkingu aðalsagnar eða orðasambands í móðursetningu sem ráða vali háttar í *hvort*-setningunni. Bornir voru saman textar frá ýmsum tímum á 800 ára tímabili, allt frá Íslensku Hómiljubókinni, sem er álitin vera frá því um 1200, til nýlegri texta fólks fædds eftir 1970 í vefritum og vefsíðum árið 2003. Til að rannsóknin yrði marktæk var reynt að fá sem flest dæmi sem síðan voru talin eftir tímabilum, öldum eða áratugum.

Fyrst tilgátan að baki rannsókninni var að viðtengingarháttur sækti mikið á nú síðustu árin í *hvort*-setningum fannst mér fróðlegt að skoða hvort einhver munur væri á kynslóðum hvað þetta varðaði. Því flokkaði ég að auki efni frá árunum 1993-2003 eftir fæðingarárátug höfunda þegar vitað var með vissu um höfund. Jafnframt er samanburður við allt efni frá tímabilinu 1986-2003 (dálkurinn *allt 1986-2003* í *töflu 2.2*) þar sem mikið er af setningum til viðbótar eftir óþekkta höfunda.

Niðurstöður úr þessum athugunum koma fram í tveimur töflum (2.1 og 2) og samanburður er sýndur í súluritum.

2.1.3 Flokkun sagna og orðasambanda í móðursetningu

Ýmsir höfðu bent á að merking sagna í móðursetningum hefði áhrif á háttanotkun í fallsetningum og mætti flokka sagnir t.d. í *staðreyndasagnir* og *álitssagnir* (sjá m.a. Höskuld Þráinsson 2005:459-465). Nauðsynlegt var að flokka setningarnar eftir merkingu sagnar eða orðasambands í móðursetningu til þess að athuga hvort, hvenær og í hvaða samhengi breyting hafði orðið á háttanotkun í tímans rás. Athuga þurfti m.a. hvort breytingin væri mest í samhengi þar sem um vafa er að ræða eða ekki algera fullvissu. Ég kom fljótt auga á að mismunandi merking var ekki bara bundin við staðreynd eða álit, vissu eða vafa, og flokkarnir yrðu að vera fleiri en tveir.

Þar sem um var að ræða spurnarsetningar var einsýnt að sérstakur flokkur þyrfti að vera fyrir sögnina *spyrja* sem virtist langoftast taka með sér viðtengingarhátt. Annar flokkur yrði að vera fyrir *vita* og aðrar staðreyndasagnir. Hugmynd vaknaði fljótt um þriðja flokkinn með einkennisorðinu *athuga* en strax í elstu ritum kemur

viðtengingarháttur fyrir í *hvort*-setningum móðursetninga með þeirri merkingu (sjá umfjöllun í 1.3.2.2 og dæmi (1.34). Ákveðin óvissa er í merkingunni eða tilraun til að eyða óvissu, minnir að því leyti á *spyrja*, t. d. *greina, kanna, prófa, rannsaka, reyna*. Í ljós kom í niðurstöðum rannsóknarinnar að ekki var alltaf mikill munur á notkun framsöguháttar og viðtengingarháttar t.d. á 18. og 19. öld (sjá mynd 2.5).

Mér fannst vanta einn flokk með sögnum og orðasamböndum skyldum staðreyndasögnum en öfugt við þær, sem tákna oft skynjun utan frá, t.d. *frétta, heyra, sjá, vita, þekkja*, vantaði flokk til að greina ákvörðun sem kæmi innan frá, t.d. *ákveða, segja, skera úr um, taka afstöðu til, taka fram*, þannig varð fjórði flokkurinn *ákveða* til. Þá vantaði samt enn flokk um vafa, oft virtist skipta máli hvort um algera óvissu er að ræða eða mikinn vafa og fimmti flokkurinn *efa* varð til, t.d. *deila um, íhuga, ósammála, velta fyrir sér* o.s.frv..

Varla var hægt að komast af með færri flokka en þessa fimm til að ná sem flestum blæbrigðum í merkingu. Í fyrstu virtist t.d. álitamál hvort ekki ætti að sameina I. og V. flokk (*spyrja, efa*) en eins og *töflur 2.1* og *2.2* bera með sér er talsverður munur á þessum flokkum.

Greina þurfti merkingu sagnanna eða orðasambandanna til að geta raðað þeim í „réttan“ flokk. Hér á eftir eru flokkarnir taldir upp ásamt einkennisorði með hverjum flokki sem sýnir merkinguna eins vel og kostur er. Dæmi fylgja úr setningasafninu um *hvort*-setningar með sögn ýmist í framsöguhætti eða viðtengingarhætti. Þau eru öll úr blaðagreinum frá árinu 2003 nema hið fyrsta sem er frá 16. öld úr Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar því að ekkert nýlegt. dæmi fannst.

Flokkunin var eins og hér segir

I. flokkur; einkennisorð *spyrja*: sagnir og orðasambönd sem fela í sér spurningu, óbeina ræðu, sbr. dæmin í (2.2).

(2.1) bera undir, forvitnast um, fregna, fréttu að, leita umsagnar um, *spyrja*, tala

(2.2) a. Hún **fréttir** eigi **að** hvort góð verk **eru** til að gjöra.

b. **Spurður** hvort hið sama **eigi** ekki við um þetta mál ...

II. flokkur; einkennisorð *vita*: sagnir og orðasambönd sem fela í sér fullvissu, algera óvissu, staðreynd eða skynjun. Til hægðarauka gef ég *hvort*-setningum sem fylgja þessum flokki hér eftir í ritgerðinni nafnið *staðreyndasetningar*. Það þýðir í raun að

setningin er fylliliður (e. complement clause) eða andlag staðreyndasagnar eða orðasambands sem merkir staðreynd:

(2.3) detta í hug, fara ekki milli mála, fá að vita, fréttu, gera sér grein fyrir, hafa ekki hugmynd um, koma fram, koma í ljós, komast að, komast að raun um, leiða í ljós, marka, meðtaka, muna, nærri má geta, reyna, reynast, sjá, sjást, skilja, vera alls ekki ljóst/víst, vera/verða alveg ljóst/víst/óvíst, vita, vita ekki, þekkja, þykja víst,

(2.4) a. ...hvað **veit** hann um það hvort og hvernig þær **síast** inn?
b. Maður **veit** ekki hvort að þeir **hafi** keypt hana gamla.

III. flokkur; einkennisorð *athuga*: sagnir og orðasambönd sem fela í sér athugun, rannsókn, prófun:

(2.5) athuga, endurskoða, ganga úr skugga um, greina, hafa eftirlit með, heyra orð e-s, hugleiða, hugsa um, hyggja (að), hætta til, láta reyna á, kanna, láta sjá, leiða í ljós, nema, prófa, rannsaka, reikna, reyna, ræða um, sannreyna, sjá, sjá til, skoða, staðreyna, taka eftir, tala um, vita

(2.6) a. Til dæmis þarf að **skoða** hvort og hvernig hægt **er** að breikka tekjustofn sjóðsins.
b. Framkvæmdastjórn ESB **rannsakar** nú hvort opinberir styrkir á Bretlandseyjum, ... **samræmist** reglum ESB.

IV. flokkur; einkennisorð *ákveða*: sagnir og orðasambönd sem fela í sér álit, mat, úrskurð, val, ákvörðun, staðfestingu:

(2.7) ábyrgð á, ákveða, álíta, án tillits til, breyta engu, dæma, eiga við, enginn munur, fara eftir, gera allan mun, gera greinarmun á, gera mun á, gera tillögur um, gilda einu, greiða úr, greinarmunur, hirða aldrei, jöfn von er á, kjósa, kveða á um, kynna, láta liggja milli hluta, láta vita, leysa úr, líta til, lýsa yfir, meta, með tilliti til, miða við, ráða, ráða niðurstöðu um, ráða úrslitum, ráðgast um, reyna, ræða um, segja, segja til um, setja reglur um, sjá sinn kost, skera úr um, skipta (ekki) máli, skipta sköpum, skrá, úrskurða, taka afstöðu til, taka

fram, taka til greina, tilgreina, tilkynna, veita vitneskju um, velja, vera sama, vera skylt, velta á, vera á valdi e-s, þykja varða

- (2.8) a. Börn hafa ekki þroska til þess að **meta** hvort leikföngin þeirra **eru** örugg eða ekki.
b. ... á grundvelli **mats** á því, hvort þar **þrífist** spilling eða ekki.

V. flokkur; einkennisorð *efa*: Sagnir og orðasambönd sem fela í sér vafa og álitamál:


- (2.9) á dreif drepið, deila um, efa, efast um, finna til ótta um, greina á um, gruna, hugleiða, renna grunum á, ræða, velta fyrir sér, velta vöngum yfir, vera á báðum áttum, vera ágreiningur/ álitamál/ óljóst/ óvíst/ spurning/ vafasamt/, vera ekki augljóst/ ljóst/ sýnt/ víst/, vera ósammála um, þykja ísjárvert/ vafamál, ætla
- (2.10) a. **Rökræður um**, hvort innrásin í Írak **er** lögmæt eða ólögmæt ...
b. ... hefur til dæmis verið **deilt um**, hvort miða **eigi** við skuldastöðu ...

Oft var nokkur vandi á höndum hvar flokka bæri sum orð en reynt að styðjast við þá merkingu sem hægt var að lesa úr samhengi. Studdist ég þar við málkennd mína. Nokkur orð koma fyrir í fleiri en einum flokki vegna mismunandi merkingar, sem dæmi má taka so. *vita* sem getur bæði haft merkinguna ‘að vera fullviss um e-ð’ en líka ‘að athuga’. Eins getur verið merkingarmunur á *óvíst* í merkingunni ‘allsendis óvíst’/‘ósannað mál’ og merkingunni ‘mikið vafamál’. Sá merkingarmunur virðist ráða eða hafa ráðið miklu um val milli háttá. Reynt var að hafa samkvæmni eins mikla og kostur var en einn þurfti að meta merkingu allrar málsgreinarinnar áður en setningunni var valinn staður í ákveðnum merkingarflokki.

Setningarnar voru alls 1484. Hér á eftir eru tvær töflur með tölum um fjölda setninga í hverjum flokki í hvorri töflu fyrir sig ásamt prósentutölum. Í *töflu 2.1* er árunum 1200-2003 skipt í tímabil og háttanotkun í hverjum flokki borin saman frá einu tímabili til annars til að reyna að sjá hvort og þá hvaða breyting hefur orðið í aldanna rás og jafnvel árin kringum aldamótin 2000. Fjöldi setninga er í efri hluta töflunnar en prósentutala í þeim neðri.

Fjöldi setninga	1200 (Íslensk hómilíubók)		13.-15. öld		16. og 17. öld		18. öld		19. öld		1913-1979		1986-2003	
	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.
Flokkar (einkennisorð)														
I (spyrja)	0	0	25	19	1	2	0	18	0	107	1	55	0	53
II (vita)	5	0	51	1	4	1	10	0	52	3	58	2	53	22
III (athuga)	1	7	24	5	12	0	10	13	18	17	31	19	26	62
IV (ákveða)	3	0	18	0	5	0	12	2	17	4	61	12	160	94
V (efa)	1	0	14	2	1	0	0	2	4	11	10	39	39	187
Samtals	10	7	132	27	23	3	32	35	92	138	162	127	278	418
Niðurstöður í prósentum	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
I (spyrja)			57	43	33	67	0	100	0	100	4	96	0	100
II (vita)	100	0	98	2	80	20	100	0	95	5	97	3	71	29
III (athuga)	12	88	83	17	100	0	43	57	51	49	62	38	30	70
IV (ákveða)	100	0	100	0	100	0	86	14	81	19	84	16	63	37
V (efa)	100	0	88	12	100	0	0	100	27	73	20	80	17	83
Samtölu prósentur	59	41	83	17	88	12	48	52	40	60	56	44	40	60


Tafla 2.1 Háttanotkun í textum frá 1200-2003. Aldir og tímabil borin saman. (Guðrún Þórðardóttir 2006:67).



Mynd 2.1 Háttanotkun í textum frá 1200-2003. Aldir og tímabil borin saman (Guðrún Þórðardóttir 2006:73).

Fjöldi setninga	Höf. fæddir 1930 - 1939		Höf. fæddir 1940 - 1949		Höf. fæddir 1950 - 1959		Höf. fæddir 1960 - 1969		Höf. fæddir eftir 1970		Allir textar 1986-2003	
	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.
Flokkar (einkennisorð)												
I (<i>spyrja</i>)	0	4	0	5	0	8	0	13	0	23	0	53
II (<i>vita</i>)	3	0	8	2	7	2	3	2	5	8	53	22
III (<i>athuga</i>)	2	5	3	12	3	7	1	4	2	13	26	62
IV (<i>ákveða</i>)	11	5	24	19	24	8	41	7	12	24	160	94
V (<i>efa</i>)	1	5	7	36	1	32	7	38	4	24	39	187
Samtals	17	18	42	74	35	57	52	63	23	80	278	418
Prósentur	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
I (<i>spyrja</i>)	0	100	0	100	0	100	0	100	0	100	0	100
II (<i>vita</i>)	100	0	80	20	78	22	60	40	38	62	71	29
III (<i>athuga</i>)	29	71	20	80	30	70	20	80	13	87	30	70
IV (<i>ákveða</i>)	69	31	56	44	75	25	85	15	33	67	63	37
V (<i>efa</i>)	17	83	16	84	3	97	16	84	14	86	17	83
Prósentur meðaltal	49	51	36	64	38	62	45	55	22	78	40	60

Tafla 2.2 Textar áratugarins 1986-2003 miðað við fæðingaráratug höfunda og alla texta tímabilsins. (Guðrún Þórðardóttir 2006:68).



Mynd 2.2 Textar áratugarins 1986-2003 miðað við fæðingaráratug höfunda og alla texta tímabilsins.


Í töflu 2.2 og mynd 2.2 eru eingöngu dæmi frá árunum 1986-2003 en dæmi eftir þekktu höfunda frá áratugnum 1992-2003 eru flokkuð eftir fæðingarátug höfunda til að reyna að sjá hvort munur er á háttanotkun mismunandi aldurshópa þann áratug.

2.1.4 Helstu niðurstöður úr rannsókninni 2003

Eins og sést á töflum 2.1 og 2.2 eru dæmin mismörg eftir tímabilum og flokkum svo að tæpast er alltaf mark takandi á prósentutölum og alls ekki ef heildarfjöldi dæma í flokki á tímabili er minni en tíu.

2.1.4.1 spyrja

I. flokkur (einkennisorð *spyrja*). Samkvæmt rannsókninni er á 13.-15. öld notaður framsöguháttur í textum í meira en helmingi tilvika með sögninni *spyrja*, eða öðrum sögnum/orðasamböndum sömu merkingar, en eingöngu kemur fram að notaður sé viðtengingarháttur, allt frá 18. öld. Þetta sést einnig á mynd 2.3.




Mynd 2.3 I. flokkur 'spyrja' í textum frá 1200-2003 í töflu 2.1.

2.1.4.2 vita

II. flokkur (einkennisorð *vita*). Í aldanna rás, allt frá 1200 til 1979, hefur framsöguháttur verið svo til einhafður í þessum flokki, þ.e. staðreyndasögnum. Engin dæmi voru um viðtengingarhátt eftir *vita ekki* í þeim skáldverkum frá því fyrir 1979 sem athuguð voru í þessari rannsókn en þau eru öll eftir höfunda sem voru fæddir fyrir 1934. Á tímabilinu 1986-2003 sést sú breyting að farið er að nota


viðtengingarhátt í 29% tilvika. Þetta er einnig sýnt á mynd 2.10. Í töflu 2.2 má sjá að höfundar af yngstu kynslóð nota viðtengingarhátt í 62% tilvika. Í þessum flokki er því að sjá róttækustu breytinguna sem er nýlega hafin en hefur vaxið hratt hin síðari ár. Til glöggvunar er þetta einnig sýnt á mynd 2.4.



Mynd 2.4 II. flokkur 'vita' í textum frá 1200-2003 (í töflu 2.1). (Guðrún Þórðardóttir 2006:69).

2.1.4.3 athuga


III. flokkur (einkennisorð *athuga*). Talsverð sveifla er í þessari töflu og mikils ósamræmis hefur löngum gætt en sagnir í þessum flokki voru með þeim fyrstu sem tóku með sér viðtengingarhátt fyrir utan sögnina *sprja* (sjá dæmi 1.34). Séu þrjár síðustu aldir bornar saman við hinar fyrri hefur viðtengingarháttur verið lengi í sókn en allra mest síðasta tímabilið (1986-2003). Þetta er sýnt á mynd 2.5 og samanburður milli aldurshópa á árunum 1993-2003 á mynd 2.11.




Mynd 2.5 III. flokkur 'athuga' í textum frá 1200-2003 (í töflu 2.1).

2.1.4.4 ákveða

IV. flokkur (einkennisorð *ákveða*). Samkvæmt töflu 2.1 hefur framsöguháttur verið nær einráður allt fram á 18. öld. Þá kemur viðtengingarháttur fyrir í um það bil 16% textadæma að meðaltali allt þar til á síðasta tímabilinu (1986-2003) að fjöldi tilvika fer upp í 37% eða fjölgar um meira en 100%. Þetta má einnig sjá á mynd 2.6. Í töflu 2 (sjá líka mynd 2.12.) sést að yngsti aldurshópurinn er fyrsta kynslóðin sem fer með viðtengingarhátt upp fyrir framsöguhátt í þessum flokki, upp í 67%. Nokkuð mörg dæmi liggja að baki flokknum og ætti niðurstaðan því að vera marktæk.



Mynd 2.6 IV. flokkur 'ákveða' í textum frá 1200-2003 (í töflu 2.1).



Mynd 2.7 V. flokkur 'efa' í textum frá 1200-2003 (í töflu 2.1).

2.1.4.5 efa


V. flokkur (einkennisorð *efa*). Eins og vænta má hefur viðtengingarháttur sterka stöðu í þessum flokki, allt sem vafi leikur á kallar nánast á hann. Á 13.–15. öld er hlutfall dæma um framsöguhátt þó 88% á móti 12% um viðtengingarhátt. Á 19. öld hefur hlutfallið snúist við og er orðið 27% á móti 73%. Á síðustu öld fer hlutfallið í 17% á móti 83%, hjá yngsta aldursflokki er það 14% á móti 86%. Þetta sést á mynd 2.7 og samanburður milli aldurshópa á árunum 1993-2003 á mynd 2.13.

2.1.4.6 Allir merkingarflokkar.


Samtalan er tekin með og sýnd á mynd 2.1 þó að hún segi ekki mikla sögu um notkun háttanna tveggja. Hún sýnir þó að notkun viðtengingarháttar í *hvort*-setningum í nútíð hefur vinninginn nú og súla yngsta hópsins í þessari rannsókn (f. eftir 1970) fer þar hæst í töflu 2.2, 14 prósentustigum yfir næsthæstu súluna (f. 1940-49) eins og einnig sést á mynd 2.2.

2.1.5 Myndir með súluritum eftir töflu 2.2


Í þeirri töflu voru textar 1993-2003 flokkaðir eftir fæðingaráratug höfunda og bornir saman við alla texta 1986-2003. Ekki þarf að sýna mynd af súluriti um niðurstöður úr I. flokki (*spyrja*), allir notuðu viðtengingarhátt.




Mynd 2.10 Textar í II. flokki flokkaðir eftir fæðingaráratug höfunda.



Mynd 2.11 Textar í III. flokki flokkaðir eftir fæðingaráratug höfunda.



Mynd 2.12 Textar í IV. flokki flokkaðir eftir fæðingaráratug höfunda.



Mynd 2.13 Textar í V. flokki flokkaðir eftir fæðingaráratug höfunda.

2.1.6 Samantekt

Í upphafi rannsóknarinnar var sett fram sú tilgáta að þau árin, í lok 20. aldar og upphafi 21. aldar, ættu sér stað miklar og örar breytingar á notkun viðtengingarháttar í nútíð. Giskað var á að notkun hans ykist sífellt og að hann væri oft notaður í setningum þar sem áður var eindregið notaður framsöguháttur, svo sem eftir sögninni

vita. Rannsóknin, sem fólst í samanburði 1484 spurnarsetninga í nútíð með samtengingunni *hvort* úr ótal ólíkum textum, leiddi í ljós svo að ekki varð um villst að í *hvort*-setningum hafði notkun viðtengingarháttar aukist að miklum mun, ekki síst hjá yngstu málhöfum í rannsókninni, sem fæddir eru eftir 1970. Niðurstaðan vakti spurningar um hvort aukin notkun á viðtengingarhætti gæti bent til þess að fleiri miði nú notkunina eftir því hvað er óvíst eða vafi, hugsanlegt en ekki gefið, fremur en styðjast við eldri málhefð í háttanotkun.

2.2 Rannsókn á háttanotkun í bloggtextum frá 2003-2008

Þessa rannsókn gerði ég í framhaldi af þátttöku minni í Tilbrigðaverkefninu og vegna fyrirlestrar á Hugvísindapingi 2008. Mér lék forvitni á að vita hvort þess sæjust merki að breytingar hefðu orðið frá árinu 2003. Til þess að fá sem nýjast efni leitaði ég setninga með spurnartengingunni *hvort* í nýjum bloggtextum. Hugmyndin var að þannig kæmist ég nær talmáli en þegar ég skoðaði útgefið efni sem væri yfirlesið og oft leiðrétt af öðrum. Fólk velti varla mikið fyrir sér þegar það bloggaði hvort eðlilegra væri að nota framsöguhátt eða viðtengingarhátt. Auðvitað er þar samt um ritmál að ræða og aðeins ákveðinn geiri sem bloggar, alla hina vantar sem aldrei létu sér til hugar koma að setja orð niður á blað, hvað þá að birta neitt sem allir gætu lesið. Ég fór inn á bloggsíður af handahófi til að leita setninga. Uppskeran var 1044 setningar. Aðferðin var að öðru leyti sú sama og 2003 og lýst er í 2.1.2. Ég flokkaði líka eftir fæðingarárátug höfunda.

2.2.1 Niðurstöður

Niðurstöðurnar sjást í *töflu 2.3*, prósentutölur eru námundaðar að heilum tölum.

Athugun á bloggsíðum á árinu 2008	Höf. fæddir 1940 - 1949		Höf. fæddir 1950 – 1959		Höf. fæddir 1960 - 1969		Höf. fæddir 1970 - 1979		Höf. fæddir eftir 1980		Heildartölur (% meðaltal)	
	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.
I (<i>spyrja</i>)	0	6 (100%)	0	12 (100%)	1	17 (94%)	1	15 (93%)	1	10 (91%)	3	60 (95%)
II (<i>vita</i>)	5 (63%)	3 (37%)	26 (70%)	11 (30%)	53 (58%)	38 (42%)	44 (43%)	58 (57%)	18 (46%)	21 (54%)	146 (53%)	131 (47%)
III (<i>athuga</i>)	2 (25%)	6 (75%)	4 (17%)	19 (83%)	7 (19%)	29 (81%)	3 (9%)	31 (91%)	1 (7%)	14 (93%)	17 (15%)	99 (85%)
IV (<i>ákveða</i>)	2 (40%)	3 (60%)	29 (58%)	21 (42%)	35 (55%)	29 (45%)	38 (57%)	29 (43%)	18 (36%)	32 (64%)	122 (52%)	114 (48%)
V (<i>efa</i>)	0	4 (100%)	6 (12%)	44 (88%)	13 (11%)	102 (89%)	11 (9%)	111 (91%)	5 (8%)	56 (92%)	35 (10%)	317 (90%)
Samtals	9	22	65	107	109	215	97	244	43	133	323	721
Meðaltal	(29%)	(71%)	(38%)	(62%)	(34%)	(66%)	(28%)	(72%)	(24%)	(76%)	(31%)	(69%)

Tafla 2.3 Niðurstöður um setningar af bloggtextum frá árunum 2003-2008, flokkaðar eftir fæðingaráratug bloggara.

Samanburður við rannsóknina 2003 sýnir m.a. eftirfarandi um niðurstöður 2008:

- **spyrja** Þrír nota framsöguhátt 2008 úr þremur mismunandi aldurshópum, enginn 2003.
- **vita** Hlutfall viðtengingarháttar er komið upp í 47% en var 29% árið 2003, er í sókn. Framsöguháttur hefur þó enn nauman vinning 2008 sem hann er búinn að glata 2011, a.m.k. hjá yngsta fólkinu.
- **athuga** Hlutfall viðtengingarháttar er 85%, var 70% árið 2003, er í sókn.
- **ákveða** Hlutfall viðtengingarháttar er 48%, svipað og með staðreyndasögnum en í báðum þessum flokkum var framsöguháttur mjög sterkur langt fram eftir 20. öld (*myndir 2.4 og 2.6*). Hlutfallið 2003 var 37% árið 2003, er í sókn.
- **efa** Hlutfall viðtengingarháttar er að meðaltali 90% og þó að þessi flokkur hafi verið sterkur allt frá 18. öld hefur hann þó bætt við sig sjö prósentustigum frá meðaltali 2003, er í sókn.
- **Allir merkingarflokkar** milli aldurshópa: hlutfall viðtengingarháttar hækkar eftir því sem fólk er yngra.

2.2.2 Samantekt

Af því sem fram kemur í niðurstöðum um þessa rannsókn á bloggi 2008 og samanburði við rannsóknina 2003 sést að allt ber að sama brunni, viðtengingarháttur er í sókn í öllum merkingarflokkum nema *spyrja*, en þar var ekki hægt að komast hærra.

2.3 Rannsókn á háttanotkun í bloggtextum frá 2003-2011

tveggja aldurshópa fæddra a)1970-1979 og b)1980-1989

Þessa rannsókn gerði ég um leið og ég byrjaði á þessari ritgerð til að fá meira kjöt á beinin um háttanotkun fullorðins fólks sem væri á svipuðum aldri og næstýngsti hópurinn í Tilbrigðakönnuninum, en yngra en þeir yngstu í rannsókn minni 2003. Af rannsóknum mínum að dæma virðist líka hver áratugur skipta máli. Átta ár voru liðin frá fyrstu athugun minni á háttanotkun í *hvort*-setningum og lék mér forvitni á að vita í fyrsta lagi hvort breyting á háttanotkun hefði vaxið á allra síðustu árum og í öðru lagi hvort einhver munur væri á háttanotkun fólks sem nú er á fertugsaldri og fólks á þrítugsaldri. Jafnframt fengi ég samanburð við eldri aldurshópa úr fyrri rannsóknum.

Í 2.3.1 er sagt frá rannsókninni, aðferðum við hana og sýndar niðurstöður. Í 2.3.2 er rætt um hvort útreikningar á niðurstöðum með því að telja setningar skili raunhæfu mati á hlutfalli milli notkunar á framsöguhætti og viðtengingarhætti. Við athugun kom í ljós að líklegt væri að svo væri. Í 2.3.3 er fjallað sérstaklega um háttanotkun í staðreyndasetningum og hvort flokkun þeirra sé raunhæf. Í 2.3.4 er samantekt.

2.3.1 Aðferð og niðurstöður

Ég tók upp þráðinn frá fyrri rannsókn 2008 að skoða blogg. Rannsóknaraðferðin er alveg sú sama og áður er lýst í 2.1.2. Efniviðurinn var tekinn af bloggsíðum sem valdar voru tilviljanakennt en aðeins ef hægt var að rekja aldur höfundar. Nú valdi ég eingöngu fólk sem var fætt annars vegar a) 1970-1979 eða hins vegar b) 1980-1989. Ekki gefa allir upp fæðingarár á bloggsíðum sínum og þurfti iðulega að sleppa síðum vegna þess að ekki fannst aldur höfundar. Stundum komu þó upplýsingar fram í textanum svo að hægt var að rekja aldurinn eftir þjóðskrá eða Íslendingabók. Ýmsum fleiri leiðum þurfti að beita til að rekja aldurinn og einstæð nöfn auðvelduðu leitina. Reynt var að hafa sem jafnast kynjahlutfall en bloggsíður kvenna urðu þó í meirihluta

eða um 58%. Afraksturinn var 2049 setningar sem skipt var í fimm merkingarflokka sem fyrr.

2.3.1.1 Flokkun sagna eða orðasambanda í móðursetningu

Flokkað var á sama hátt og í könnunum 2003 og 2008 og eru orðin talin upp hér á eftir. Orð höfunda fæddra 1970-1979 eru merkt a, höfundra fæddra 1980-1989 merkt b ásamt dæmum um báða hætti. Sama orð getur komið fyrir í fleiri en einum flokki. Til dæmis *spurning*. Það getur annars vegar þýtt að einhver sé spurður spurningar (I. fl.), hins vegar ‘vafamál’ (V. fl.).

I. flokkur; einkennisorð *spyrja*:

(2.11)a. aðspurður, fyrirspurn, leita svara, nefna, spurning, spyrja, vera spurn,
b. spurning, spyrja

(2.12)a. Ég **spyr** lækinn hvort þeir **geta** EKKERT gert meira.

b. Allir að **spyrja** hann hvort hann **sé** kærastinn minn.

II. flokkur; einkennisorð *vita*:

(2.13)a. ekki spurning (1), fá niðurstöðu um (1), gera sér grein fyrir (1), hafa ekki hugmynd um (3), heyra (3), koma fram (2), koma í ljós (6), komast að (3), muna (2), óljóst (1), óvissa (1), óvíst (3), sjá (45), viss (1), vissa (2), vita (ekki) (133), þekkja til (2)

b. vita ekkert/ekki/aldrei (230), sjá (44), aldrei/ekki viss (19), koma í ljós (16), muna (7), hafa ekki hugmynd um (5), komast að (4), taka eftir (3), átta sig á (2), gera sér grein fyrir (2), leiða í ljós (2), fatta (1), fá á hreint (1), finna (1), finna út (1), heyra (1), liggja í augum uppi (1), ekki ljóst (1), skynja (1), svör (1), upplýsingar um (1), ekki víst (1)

(2.14)a. Frjálslýndi flokkurinn **veit ekki** hvort hann **er** að koma eða fara.

b. **Veit** nú **ekki** hvort nokkur manneskja **lesi** þetta blogg mitt.

III. flokkur; einkennisorð *athuga*:

(2.15)a. athuga, eftirlit með, fara yfir, fylgjast með, ganga úr skugga um, gá, greining, hafa í huga, hlera, hugsa upp á nýtt, kanna, kíkja, líta yfir, óska eftir

upplýsingum, prófa, rannsaka, rannsókn, reyna, sjá, sjá til, skoða, spá í, tékka, vita

b. athuga, fylgjast með, gá, gæta, kanna, kíkja, kynna sér, leita eftir, rýna, skoða, sjá, sjá til, testa, tékka vinna yfirlit yfir, vita

(2.16)a. **Athugum** hvaðan upplýsingarnar **eru** og hvort þær **eru** réttar.

b. Ég get kannski **athugað** hvort að ég **geti** selt í mér nýrað.

IV. flokkur; einkennisorð *ákveða*:

(2.17)a. ákveða, ákvörðun um, bera ábyrgð á, breyta engu, dæma, fara eftir, fullyrða, gilda einu, greina, hafa áhrif á, hafa með að gera, hafa val um, koma sér saman um, kjósa, láta sér í léttu rúmi liggja, óháð því, ráða, sama, segja fyrir um, segja til um, skera úr um, skilgreina, skipta máli, svara, taka afstöðu til, velja, vera á því

b. ákveða, burtséð frá, commentera, fara eftir, finnast, gera upp hug sinn, kjósa, koma fram, láta ósagt, láta vita, meta, ráða, ráðast af, sama, sanna, segja, sjá, skilgreina sig, skipta ekki máli, skipuleggja, stjórnast af, veita innsýn í, velja, veltur á, vera með fréttir, taka ákvörðun um

(2.18)a. Þingmenn eiga sjálfir að **ákveða** hvort þeir **eru** löglega kosnir.

b. Færeyingur **ræður** því hvort Anders Fogh **þurfi** að segja af sér.

V. flokkur; einkennisorð *efa*:

(2.19)a. annað mál, athugandi, ágreiningur um, deila um, deilumál, efasemdir, fjalla um, hafa áhyggjur af, hugleiða, hugsa um, leiða hugann að, þæling, ræða um, rökræða, skiptar skoðanir um, snúast um, spurning (57), spyrja sig, umdeilt, umræður um, umræðuefni, vafamál, vangaveltur um, velta fyrir sér, velta upp,

b. ákveða, burtséð frá, commentera, fara eftir, finnast, gera upp hug sinn, kjósa, koma fram, láta ósagt, láta vita, meta, ráða, ráðast af, sama, sanna, segja, sjá, skilgreina sig, skiptir ekki máli, skipuleggja, stjórnast af, veita innsýn í, velja, veltur á, vera með fréttir, taka ákvörðun um

(2.20)a. **Spurning** hvort forræðishyggja og Stalínismi **þykja** virðingarverð?

b. Svo það er **spurning** hvort ég **fari** í skóla.

Merkingarflokkar	Höfundar fæddir 1970-1979				Höfundar fæddir 1980-1989			
	karlar:	fjöldi	fh.	vh.	karlar:	fjöldi	fh.	vh.
	konur	setn.			konur	setn.		
I (spyrja)	13 : 14	102	5 (5%)	97 (95%)	17 : 24	103	4 (4%)	99 (96%)
II (<i>vita</i>)	18 : 26	210	95 (45%)	115 (55%)	33 : 47	345	113 (33%)	232 (67%)
III (<i>athuga</i>)	14 : 23	137	41 (30%)	96 (70%)	20 : 31	129	16 (12%)	113 (88%)
IV (<i>ákveða</i>)	21 : 23	216	85 (39%)	131 (61%)	24 : 33	149	45 (30%)	104 (70%)
V (<i>efa</i>)	19 : 26	349	40 (11%)	309 (89%)	29 : 42	309	18 (6%)	291 (94%)
Alls 2048 setningar	Meðaltal 17 : 22 (44:56%)	1014 (100%)	266 (26%)	748 (74%)	Meðaltal 25 : 35 (42%:58%)	1035 (100%)	196 (19%)	839 (81%)

Tafla 2.4 Niðurstöður um háttanotkun í hvort-setningum í bloggi árin 2003-2011.

2.3.1.2 Um mat og útreikninga á niðurstöðum

Þessar niðurstöður voru fengnar og reiknaðar út á sama hátt og niðurstöður í rannsókninni árið 2003, þ.e. allar *hvort*-setningar í nútíð voru taldar og flokkaðar og fjöldinn borinn saman. Það vakti þó spurningar um gildi þessara niðurstaðna að fjöldi setninga hvers einstaklings var afar mismunandi, allt frá einni setningu upp í tólf, og að líklega væri fróðlegra að komast að því hve margir einstaklingar nota framsöguhátt og hve margir viðtengingarhátt í hverjum flokki. Því var það næsta rannsóknarefni að finna það út.

Við þá athugun kom hins vegar í ljós að því fer fjarri að hver og einn haldi sig alltaf við annan hvorn háttinn í sama merkingarflokki eða jafnvel með sömu sögn. Til dæmis áttu 80 manns staðreyndasetningar í rannsókninni, margir aðeins eina. Af þeim 48 sem áttu tvær eða fleiri staðreyndasetningar notuðu 7 manns einungis framsöguhátt, aðrir 7 notuðu eingöngu viðtengingarhátt en 34 notuðu ýmist framsöguhátt eða viðtengingarhátt. Séu reiknuð út hlutföll háttanna hjá hverjum og einum, þau lögð saman og deilt í með 80 (fjöldi höfunda) koma reyndar í ljós nánast sömu niðurstöður og þegar fyrri aðferðin var notuð þ.e. einungis miðað við fjölda

setninga. Báðar aðferðirnar skila nánast sömu tölum¹². Ég prófaði þessa aðferð á öllum merkingarflokkunum (samþals 2049 setningum) og alls staðar kom hið sama í ljós, lítill munur var á niðurstöðum eftir reikniaðferðum. Þetta sést í töflum 2.5-8.

Merkingarflokkur	f. 1970-1979		f. 1980-1989	
	fh.	vh.	fh.	vh.
II (vita)				
Hlutföll fh.:vh. miðuð við setningafjölda	95 45,2%	115 54,8%	113 32,8%	232 67,2%
Hlutföll fh.:vh. miðuð við notkun einstaklinga	47,8%	52,2%	32,5%	67,5%
Mismunur á próssentustigum	2,6		0,3	

Tafla 2.5 Samanburður á aðferðum við að finna hlutföll milli háttá í hvort-setningum í merkingarflokki II 'vita' í móðursetningu.

Merkingarflokkur	f. 1970-1979		f. 1980-1989	
	fh.	vh.	fh.	vh.
III (athuga)				
Hlutföll fh.:vh. miðuð við setningafjölda	41 29,9%	96 70,1%	16 12,4%	113 87,6%
Hlutföll fh.:vh. miðuð við notkun einstaklinga	28,1%	71,9%	12,2%	87,8%
Mismunur á próssentustigum	1,8		0,2	

Tafla 2.6 Samanburður á aðferðum við að finna hlutföll milli háttá í hvort-setningum í merkingarflokki III 'athuga' í móðursetningu.

Merkingarflokkur	f. 1970-1979		f. 1980-1989	
	fh.	vh.	fh.	vh.
IV (ákveða)				
Hlutföll fh.:vh. miðuð við setningafjölda	82 39%	128 61%	45 30,2%	104 69,8%
Hlutföll fh.:vh. miðuð við notkun einstaklinga	41,2%	58,8%	32,8%	67,2%
Mismunur á próssentustigum	2,2		2,6	

Tafla 2.7 Samanburður á aðferðum við að finna hlutföll milli háttá í hvort-setningum í merkingarflokki IV 'áveða' í móðursetningu.

¹² Sjá einnig um vita og aðrar staðreyndasagnir í 5.2.2.2.2.

Merkingarflokkur	f. 1970-1979		f. 1980-1989	
	fh.	vh.	fh.	vh.
V (efa)				
Hlutföll fh.:vh. miðuð við heildarsetningafjölda	40 11,5%	309 88,5%	18 5,8%	291 94,2%
Hlutföll fh. : vh. miðuð við notkun einstaklinga	12%	88%	6,1%	93,9%
Mismunur á próssentustigum	0,5		0,3	

Tafla 2.8 Samanburður á aðferðum við að finna hlutföll milli háttá í hvort-setningum í merkingarflokki V 'efa' í móðursetningu.

Víða er munurinn innan við 1 próssentustig en mestur 2,6 próssentustig. Sé þetta mælikvarði á raunhæfi aðferðar minnar við talningu setninga eftir háttum býst ég við að ég geti vel við unað.

2.3.2 Um mat á niðurstöðum um staðreyndasetningar

Einna forvitnilegast finnst mér að skoða hvort-setningar í II. flokki, merktar einkennisorðinu *vita*. Háttanotkun í þessum flokki hefur breyst hvað mest, en samkvæmt rannsókninni árið 2003 var framsöguháttur nær einhafður í slíkum setningum allt fram til ársins 1979 (*mynd 2.1*) en hlutfall viðtengingarháttar fer á næstu 24 árum úr 3% upp í 29% árið 2003. Þar sem kannaður var mismunur á háttanotkun eftir aldurshópum í textum frá árunum 1993-2003 kom fram að notkun viðtengingarháttar í staðreyndasetningum virðist byrja hjá aldurshópnum sem fæddur er 1940-1949 (20%), fer síðan vaxandi og 62% þeirra yngstu í þeirri rannsókn sem fæddir eru eftir 1970 nota viðtengingarhátt (*mynd 2.4*). Í könnuninni 2008 nota 58% þeirra sem fæddir eru 1970-1979 viðtengingarhátt í staðreyndasetningum (*tafla 2.3*).

Í þessari nýjustu könnun árið 2011 á bloggtextum frá árunum 2003-2011 kemur fram að fólk fætt 1970-1979 notar viðtengingarhátt í 54,8% tilvika og er það heldur lægra hlutfall en fram kemur í eldri rannsóknunum 2003 og 2008 (*mynd 2.4, tafla 2.3 og mynd 2.10*). Af þessum þremur niðurstöðum mætti draga þá ályktun að heldur hafi dregið úr sókn viðtengingarháttar í staðreyndasetningum á fyrsta áratug 21. aldar.

En of snemmt reyndist að draga þá ályktun. Í þessari athugun 2011 hefur bæst við einn yngri hópur, þ.e. fólk fætt 1980-1989. Alls áttu 80 manns úr þeim hópi 345 hvort-setningar í II. flokki *vita* (staðreyndasetningar), 33 karlar og 47 konur. Hlutfall

viðtengingarháttar er 67,4% og sýnir það að enn virðist þeim fjölga sem nota viðtengingarhátt í slíkum setningum. Þá vaknar sú spurning hvort flokkun setninganna sem staðreyndasetninga standist. Það er athugað í 2.3.2.1.

2.3.2.1 Um flokkun staðreyndasetninga í II. flokk *vita*

Tilfni er til að athuga hvort flokkun mín á staðreyndasetningum er raunhæf, í mínum huga teljast t.d. setningar með *ekki viss* með staðreyndasetningum rétt eins og setningar með *veit ekki* og nota því framsöguhátt. Eftir að hafa spurt fólk á mínum aldri, fætt 1930-1939, virðist mér þó sem sumir telji þetta vafasetningar og noti viðtengingarhátt. Því taldi ég rétt að athuga sérstaklega setningar með sögninni *vita* í móðursetningu. Tveir þriðju dæmanna um staðreyndasetningar í *töflu 2.4* eru með sögninni *vita* eins og sést í upptalningunni hér að neðan, fjöldi dæma er sýndur í sviga:

(2.21) *vita* ekkert/ekki/aldrei (230), sjá (44), aldrei/ekki viss (19), koma í ljós (16), muna (7), hafa ekki hugmynd um (5), komast að (4), taka eftir (3), átta sig á (2), gera sér grein fyrir (2), leiða í ljós (2), fatta (1), fá á hreint (1), finna (1), finna út (1), heyra (1), liggja í augum uppi (1), ekki ljóst (1), skynja (1), svör (1), upplýsingar um (1), ekki víst (1)

Í *töflu 2.9* er háttanotkun í *hvort*-setningum með sögninni *vita* í móðursetningu athuguð sérstaklega og hlutfall háttá borið saman við *töflu 2.4*.

Merkingarflokkur II (einkennisorð <i>vita</i>)	f. 1970-1979		f. 1980-1989	
	vh.		vh.	
Eingöngu móðursetningar með sögninni <i>vita</i>	75	56%	141	61%
Samanburður við <i>töflu 2.4</i>	115	55%	232	67%
Mismunur í prósentustigum		1		6

Tafla 2.9 Niðurstöður um staðreyndasetningar með sögninni *vita* í móðursetningu bornar saman við niðurstöður um allar staðreyndasetningar í *töflu 2.4*.

Niðurstöður eru ekki alveg þær sömu í *töflu 2.10* og í *töflu 2.4*, munar 1-6 prósentustigum en þó ber allt að sama brunni, tíðni viðtengingarháttar eykst enn hjá yngsta aldurshópnum í þessum rannsóknum, þ.e. fólki fæddu milli 1980-1989.

2.3.3 Samantekt

Samanburður á heildartölum niðurstaðna úr rannsókninni árið 2008 í töflu 2.3 og niðurstöðutölum tveggja yngstu aldurshópanna árið 2011 í 2.4 leiðir í ljós að viðtengingarháttur hefur sótt á í öllum merkingarflokkum, mismikið. Tafla 2.10 sýnir stöðu viðtengingarháttar á þeim tíma sem rannsóknirnar þrjár voru gerðar, annars vegar fólks í öllum aldurshópum, hins vegar fólks fædds á árunum 1970-1989.

Sagnir og orðasambönd í móðursetningu	2003		2008	2011	
	Allir	f. eftir 1970	Allir	f. 1970-1979	f. 1980-1989
	aldurshópar		aldurshópar		
	vh.	vh.	vh.	vh.	vh.
I (spyrja)	100	100	95	95	96
II (vita)	29	62	47	55	67
III (athuga)	70	87	85	70	88
IV (ákveða)	37	67	48	61	70
V (efa)	83	86	90	89	94

Tafla 2.10 Samanburður á stöðu viðtengingarháttar 2003, 2008 og 2011, hlutfall í prósentum, námundað að heilum tölum.

Mest er breytingin í staðreyndasetningum í II. flokki, um 18 prósentustig miðað við alla aldurshópa 2003-2008, 5 prósentustig, miðað við fólk fætt eftir 1970. Næstmest er breytingin í flokki, skyldum staðreyndasetningum, þ.e. í ákvörðunarsetningum í IV. flokki, 11 prósentustig miðað við alla aldurshópa 2003-2008, 3 prósentustig, miðað við fólk fætt eftir 1970.

Viðtengingarháttur virðist vera nokkurn veginn viðtekinn í V. flokki *efa*. Í III. flokki *athuga* hefur reyndar hefur lengi ríkt nokkur óreiða einkum frá 18. öld en nú er viðtengingarháttur að verða ríkjandi, 88 %. Aðeins vottar fyrir framsöguhætti í I. flokki þó að langflestir noti viðtengingarhátt sem hefur verið ráðandi þar frá 18. öld (sjá töflu 2.1 og mynd 2.5).

2.4 Hvað ræður viðtengingarhætti í hvort-setningum í nútíð?

Eins og fyrr er rætt er hér gengið út frá því að sögn eða orðasambönd í móðursetningu hafi ásamt tengingunni að mestu ráðið háttanotkun frá fyrstu tíð fram undir síðustu aldamót (sjá *töflu 2.1*). Ágiskun mín nú, miðað við þær hröðu breytingar um þessar mundir sem niðurstöður úr rannsóknum mínum sýna, er þó sú að allt stefni í að tengingin *hvort* taki um síðir völdin í *hvort*-setningum í nútíð og kalli alltaf á viðtengingarhátt.

Mér þótti forvitnilegt að sjá hvaða sagnir og orðasambönd hefðu ráðið viðtengingarhætti í þeim *hvort*-setningum sem notaðar voru í öllum rannsóknunum mínum þremur. Tók ég því saman öll tilvik úr móðursetningum *hvort*-setninga í viðtengingarhætti sem ég hafði fundið í ritum allt frá 13. öld til dagsins í dag. Kom þá í ljós alls 271 tilbrigði í móðursetningum; sagnir, sagnir með ögn eða forsetningu/atviksorði, orðasambönd og nafnorð. Verða þau nú talin upp hér í dæmum (2.22-25).

271 tilbrigði í móðursetningu sem geta tekið með sér viðtengingarhátt í *hvort*-setningu í nútíð

(2.22) 64 sagnir

- I. fl. nefna, segja, skila, spyrja,
- II. fl. fatta, finna, fregna, fréttu, heyra, muna, sjá, skynja, vita,
- III. fl. aðgæta, athuga, gá, gæta, heyra, hlera, hlusta, hugsa, kanna, kíkja, nema, prófa, rannsaka, reikna, reyna, rýna, sjá, skoða, stúdera, testa, tékka, vita, þekkja,
- IV. fl. ákveða, ákvarða, commentera, dæma, finnast, fullyrða, greina, kjósa, meta, ráða, ráðast, ráðleggja, sanna, segja, sjá, skipuleggja, svara, velja,
- V. fl. diskútera, gruna, hugleiða, hugsa, íhuga, meina, ræða, rökræða, skipuleggja, spá,

(2.23) 57 sagnir með ögn eða forsetningu/atviksorði

- I. fl. aðspurður, finna út, fréttu að, inna til, spyrjast fyrir, öskra á,
- II. fl. koma fram, komast að, taka eftir,

- III fl. fara yfir, fjalla um, forvitnast um, fréttu að, fréttu eftir, fylgjast með, gá að, grennslast eftir, hlusta eftir, horfa á, huga að, hætta á, inna að, inna eftir, komast fyrir, leiða hugann að, leita eftir, líta á, líta yfir, reikna saman, sjá til, spá í, taka eftir, víkja að,
- IV. fl. bera um, fara eftir, kjósa um, koma við, lúta að, ráða af, reyna á, segja fyrir, segja um, velta á,
- V. fl. bíða eftir, deila um, efast um, fjalla um, greina á, hugsa um, óttast fyrir, þæla í, rífast um, ræða um, snúast um, spá í, tala um, velta upp,

(2.24) **125 orðasambönd**

- I. fl. biðjast úrskurðar, leita svara, spyrjast fyrir um, varpa upp spurningu, vera spurn,
- II. fl. átta sig á, fá að vita, fá á hreint, fá niðurstöðu um, gera sér grein fyrir, hafa ekki hugmynd um, koma í ljós, komast að raun um, mega þekkja sinn búning, má nærri geta, vera ekki ljóst, vera óvíst, vera viss, vera ekki víst,
- III. fl. athygli beinist að, eftirsjónar vert, fá vitneskju um, ganga úr skugga um, gjör verði vitað, gjöra þess raun, hafa eftirlit með, halda yfirlit yfir, hafa í huga, láta reyna á, leiða athuga, leiða í ljós, leita umsagnar um, óska eftir upplýsingum, skunda honum eftir, skyggnast eftir, vinna yfirlit yfir,
- IV. fl. bera ábyrgð á, breyta engu, burtséð frá, eiga við sína samvisku, ekki einkamál, erfitt að segja, fara saman, fá úr því skorið, gera greinarmun á, gera upp hug sinn, gera upp við sig, greiða atkvæði um, hafa áhrif á, hafa með að gera, hafa val um, í sjálfs vald sett, játa eða neita, kveða á um, láta getið, láta í hendur, láta vita, með tilliti til, missa sig um, óháð því, segja frá, segja til um, skera úr um, skilja milli, skipa fyrir, skipta máli, stigs munur á, taka afstöðu til, taka ákvörðun um, taka mið af, til marks um, tvísýni á, veita innsýn í, vera á því, vera með fréttir, vera sama, verjast fréttu um,
- V. fl. allt rauðglóandi, annað mál, athugandi, á báðum áttum, á huldu, án þess að finna því nokkur skil, bíða full eftirvæntingar, detta í hug, ekki viss, ekki getið, ekki gott að segja, ekki sammála um, ekki sömu skoðunar um, enginn dómur lagður, erfitt að vita, fara hugsu, finna til

ótta um, hafa áhyggjur af, halda ráðstefnur með sér, hugsa með sér, hugsa út í, koma ekki saman um, komast að mismunandi niðurstöðu um, kremjast af efa, leiða hugann að, má vel vera, málið er, óákveðið, ólíkar skoðanir á, sitt sýnist hverjum um, skrafa og skeggræða um, skiptar skoðanir um, spyrja sig, stressuð yfir, taka tal með sér, til íhugunar, vafi leikur á, velta fyrir sér, velta vöngum yfir, vera ekki ljóst, vera í efa um, vera í óvissu, vera óvíst, velta fyrir sér, vita eigi, umdeilanlegt, umdeilt, vafasamt,

(2.25) **25 nafnorð**

- I. fl. fyrirspurn, skilaboð, spurning,
- III. fl. endurskoðun, greining, rannsókn, skoðanakönnun, skoðunarefni,
- IV. fl. mat, svör, umsögn, upplýsingargjöf, úrskurður, val,
- V. fl. ágreiningur, álitamál, deila, deiluatríði, efasemdir, spurning, umhugsun, umhugsunarefni, umræða, tvísýna, vandamál,

Oft tóku þessi orð og orðasambönd sem hér voru upp talin í (2.22-25) með sér framsöguhátt og ekki kom viðtengingarháttur fyrir á eftir öllum þeim dæmum um sögn eða orðasamband sem talin eru upp í (2.1-10) og (2.11-20). Lausleg athugun á nokkrum þeim tilvikum með því að gúgla benti þó til að mörg þeirra gætu tekið með sér viðtengingarhátt.

2.5 Samantekt

Miklar breytingar hafa átt sér stað í háttanotkun frá upphafi ritaldar, nokkuð mismunandi eftir merkingarflokkum eins og sést í töflunum og myndunum í þessum kafla. Mikil sókn viðtengingarháttar er í öllum merkingarflokkum síðustu áratugi, einkum hjá yngstu aldurshópunum. Það kom á óvart hve margar sagnir og orðasambönd, alls 271 tilbrigði í móðursetningu geta tekið með sér viðtengingarhátt. Meira að segja staðreyndarsagnir taka nú með sér viðtengingarhátt í æ ríkara mæli hjá þeim yngstu. Ekkert var athugað í þessum rannsóknum hvort framsöguháttur sé farinn að birtast þar sem viðtengingarháttar er að vænta. Það var hins vegar skoðað í Tilbrigðakönnuninum og um það verður fjallað í 3. kafla.

3

Tilbrigðakannanir og samanburður við eigin kannanir¹³

Markmið rannsóknarverkefnisins Tilbrigði í setningagerð var meðal annars „að nýta niðurstöðurnar til þess að varpa nýju ljósi á stöðu og þróun íslensks máls“ (Tilbrigðarit 1.1) Í þessum kafla er umfjöllun um niðurstöður úr þeim hluta yfirlitskannana rannsóknarinnar þar sem verkaskipting milli framsöguháttar og viðtengingarháttar var athuguð (Tilbrigðarit 11. kafla).

Skipulag kaflans er á þessa leið: Í 3.1 er rannsóknaraðferðum í Tilbrigðakönnunum lýst og reynt að greina hvaða upplýsingar þær gefa. Niðurstöður úr *ef*-setningum eru notaðar sem dæmi. Í 3.2 eru niðurstöður um háttanotkun úr Tilbrigðarannsóknunum sýndar í töflum og bornar saman við niðurstöður úr eigin könnunum. Í 3.2.1 eru niðurstöður um háttanotkun í atvikssetningum með tengingunum *ef*, *nema* og *þótt* bornar saman við niðurstöður úr könnuninni sem lögð var fyrir grunnskólabörn í 4.-7. bekk og sagt er frá í 3. kafla. Í 3.2.2 er sagt frá niðurstöðum um háttanotkun í fallsetningum; annars vegar skýringarsetningum með tengingunni *að* og hins vegar spurnarsetningum með tengingunni *hvort*. Þær síðastnefndu eru bornar saman við niðurstöður úr fjórum eigin könnunum sem sagt er frá í 2. kafla. Í 3.3 er samantekt.

3.1 Rannsóknaraðferðir¹⁴

Hér verður rannsóknaraðferðum við Tilbrigðakannanirnar lýst og reynt að greina hvaða upplýsingar þær gefa. Niðurstöður úr *ef*-setningum eru notaðar sem dæmi.

¹³ Megnið af þessum kafla var unnið fyrir fyrirlesturinn á Hugvísindapingi 2008 og grein sem samin var 2011 fyrir væntanlegt Tilbrigðarit.

¹⁴ Rannsóknaraðferðum við Tilbrigðakannanirnar er lýst grannt í Tilbrigðariti 1. hluta 2. kafla.

3.1.1 Rannsóknaraðferðir í Tilbrigðaverkefninu

Í Tilbrigðaverkefninu voru valin setningafræðileg viðfangsefni rannsökuð, meðal annars með þremur skriflegum yfirlitskönnunum sem kallaðar eru Tilbrigðakönnun 1, Tilbrigðakönnun 2 og Tilbrigðakönnun 3, skammstafaðar T1, T2 og T3. Þær voru lagðar fyrir hópa fólks víðs vegar á landinu fyrir því sem næst jafnmarga karla og konur í fjórum aldurshópum, 14-15 ára unglinga í níunda bekk, fólk 20-25 ára, 40-45 ára og 65-70 ára. Fróðlegt væri að skoða mismun eftir aldurshópum en ég læt þó oftast nægja hér að bera yngsta aldurshópinn, þ.e. unglinga í 9. bekk, saman við meðaltal annarra aldurshópa¹⁵ því að samkvæmt eigin athugunum koma meiri breytingar á hefðbundinni háttanotkun fram eftir því sem fólk er yngra (sjá um *hvort*-setningar í 2. kafla). Ekki er skoðaður hér mismunur milli landshluta ef einhver er.

Tvær svipaðar aðferðir voru notaðar í yfirlitskönnunum:

Annars vegar voru lagðar fyrir þátttakendur setningar þar sem þeir voru látnir velja hvort þeir kysu að nota framsöguhátt eða viðtengingarhátt eða teldu báða kosti koma til greina. Dæmi:

Settu kross í reitinn framan við orðmyndina sem þér finnst eiga betur við. Ef þú telur báða kostina koma til greina skaltu krossa í báða reitina.

ert

(3.1) TK1.20 En það er kjúklingur í ísskápnum ef þú svangur.

sért

1) Hins vegar voru lagðar setningar fyrir þátttakendur til að meta og þeim gefnir þrír kostir til að krossa við. Dæmi:

Já = Eðlileg setning. Svona get ég vel sagt.

? = Vafasöm setning. Ég myndi varla segja svona.

¹⁵ Töflur sem sýna niðurstöður úr tilbrigðakönnunum sýna því flestar einungis prósentutölur unglinga annars vegar og annarra aldurshópa hinsvegar. *Tafla 5.19* sýnir þó alla aldursdreifinguna. Víðast hvar er sleppt prósentutölum um vafa og þegar báðir kostir eru valdir enda auðvelt að reikna út frá gefnum tölum.

Nei = Ótæk setning. Svona get ég ekki sagt.

		Já	?	Nei	Athugasemdir
T21	Leiknum verður ekki aflýst.				
	Við spilum þótt það hefur rignt dálftíð í nótt.				

Efri setninguna með skyggðum reitum átti ekki að meta, hún var eingöngu til að fá samhengi.

Rannsóknaraðferðum í Tilbrigðaverkefninu er vandlega lýst í 2. kafla Tilbrigðaritsins. Þar er einnig sagt frá almennum hugmyndum fræðimanna um þær aðferðir sem var beitt og fjallað um kosti og ókosti matsaðferðarinnar. Meðal annars segir svo um kosti við hana:

Málnotendur hafa auðvitað ekki bara tilfinningu fyrir því hvað er eðlileg setning heldur líka hvað er óeðlileg setning. [...] Í frjálsu tali og textasöfnun hvers konar koma neikvæðar upplýsingar af þessu tagi hins vegar ekki fram. Þótt einhver setningagerð eða tilbrigði við hana komi ekki fyrir í textasafni er það ekki sönnun þess að viðkomandi málnotendum hafi þótt hún ótæk.

Í yfirlitskönnunum T1 (772 þátttakendur) og T2 (755 þátttakendur) var m.a. athuguð háttanotkun sagna í aukasetningum þar sem valið stendur milli þess að nota framsöguhátt eða viðtengingarhátt.

Setningar sem notaðar voru til að kanna tilbrigði í háttanotkun voru hafðar á víð og dreif um kannanirnar, oft líkar setningar, þar sem sögnin var ýmist í framsöguhátti eða viðtengingarhátti. Í fljótu bragði er ef til vill ekki fjarri lagi að álykta að þeir sem meta t.d. setningu í framsöguhátti eðlilega telji þar með óeðlilegt að nota viðtengingarhátt og öfugt. Ekki er það þó sjálfgefið og sem dæmi benda niðurstöður um háttanotkun í skilyrðissetningum í nútíð, *ef*-setningum, sem sýndar eru í töflum hér á eftir, einmitt til að svo sé ekki. Fram kemur um slíkar setningar í 11. kafla í *Tilbrigðariti* að „búist var við framsöguhátti“. Lagðar voru fyrir samsvarandi setningar í framsöguhátti og viðtengingarhátti, þó ekki hlið við hlið, og fólk beðið að meta hvort því þætti þær eðlilegar, vafasamar eða ótækar. Dæmi:

Stakar setningar	9. bekkingar		Aðrir aldurshópar	
	fh.	vh.	fh.	vh.
T1107 Á ég að hjálpa þeim ef þeir eru ekki búnir?	84,0		91,1	
T2103 Á ég að hjálpa þeim ef þeir séu ekki búnir?		30,5		13,0

Tafla 3.1 Háttur samþykktur í setningum með tengingunni ef.

Í töflu 3.1 sést að 84% unglínganna sem tóku T1 voru sáttir við framsöguhátt í setningunni og að 30,5% þeirra sem tóku T2 töldu eðlilegt að nota viðtengingarhátt. Taka verður með í reikninginn að ekki er víst að sama fólk hafi tekið báðar kannanirnar. En sama fólk og mat setningu 1107, þ.e. þeir sem tóku T1, mat svipaða setningu:

Stök setning	9. bekkingar		Aðrir aldurshópar	
	fh.	vh.	fh.	vh.
T1067 Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til?		46,1		24,3

Tafla 3.2 Háttur samþykktur í setningu í T1 með tengingunni ef.

Í töflu 3.2 sést að 46,1% unglínganna sem tóku T1 finnst í lagi að segja „ef það sé ekki til“ en 84% hinna sömu telja setningu T1107 „ef þeir eru ekki búnir“ eðlilega eins og sést í töflu 3.2. Þessi dæmi sýna að þótt einhverjir telji setningu með framsöguhátti góða og gilda er ekki þar með sagt að þeir telji óeðlilegt að nota viðtengingarhátt og öfugt. Spurning hvort einmitt þessi setning „ef það sé ekki til“ er ekki orðin gömul í málinu og ekki sambærileg við dæmin sem koma hér á eftir. Einnig hvort sögnin *vera*, þ.e. *sé*, komi ekki oft fyrir en aðrar sagnir í þessari setningagerð. Þetta þyrfti frekari rannsóknar við.

Fjórða staka setningin skilaði þessari niðurstöðu, nokkrir samþykkja hana en þó færri en samþykkja T1067, þarna er sögnin *hafa*:

Stök setning	9. bekkingar		Aðrir aldurshópar	
	fh.	vh.	fh.	vh.
T1091 Við förum með ef það hafi stytt upp.		17,5		12,0

Tafla 3.3 Háttur samþykktur í setningu í T1 með tengingunni ef.

Hin aðferðin, þ.e. að biðja þátttakendur að velja milli framsöguháttar og viðtengingarháttar, gefur aðrar upplýsingar. Í ef-setningum í nútíð eins og þeim sem

lagðar voru fyrir í Tilbrigðakönnuninum hefur lengstum verið notaður framsöguháttur (sjá m.a. Höskuld Þráinsson 2005:151), því eru niðurstöður sem fást með þessari aðferð líkar því sem búist er við.

Númer	Setning	
TK1.20	En það er kjúklingur í ísskápnum	
	ef þú ert svangur	96,2
	ef þú sért svangur	1,3
	báðir kostir	2,5

Tafla 3.4 Val milli háttanna í atvikssetningu í T1 með tengingunni **ef**.

Lítill munur var á aldurshópum, yfir 90% allra völdu framsöguhátt. Svipaðar niðurstöður fást þegar notað er samfellt mál eins og sést í *töflu 3.4*:

Samfellt mál í frásögn	9.-bekkingar		Aðrir aldurshópar	
	fh.	vh.	fh.	vh.
Ef safinn er/sé svolítið bleikur eða rauðleitur þá ...	86,2%	10,7%	95,0%	3,2%
Ef enginn safi rennur / renni út ...	94,3%	5,4%	99,3%	0,7%
... en það er vel steikt ef það kemur/komi nær safi.	92,9%	7,1%	98,7%	0,9%

Tafla 3.5 Háttur valinn í atvikssetningum í T2 með tengingunni **ef** í samföldu máli.¹⁶

Í öllum setningunum þremur völdu langflestir fullorðinna framsöguhátt, allt upp undir 100%, nokkru færri prósent unglínganna.

Niðurstöðurnar sem sýndar eru í *töflum 3.1* og *3.2* annars vegar og *3.3* og *3.5* hins vegar benda til þess að þótt aðferðirnar séu svipaðar, gefi þær mismunandi upplýsingar. Í þeim síðarnefndu velja þátttakendur þann hátt sem þeim líst betri, í þeim fyrrnefndu fást einnig neikvæðar upplýsingar um hvað þátttakendur telja ótækar setningar eða samþykkja sem eitthvað sem þeir gætu vel sagt.

Tvær *ef*-setningar voru lagðar fyrir börnin í 4.–7. bekk og eru niðurstöðurnar sýndar í *töflu 3.6* (sjá um aðferð hér á eftir í 3.1.2):

¹⁶ Einnig var hægt að velja báða kosti, það skýrir hér og víðar það sem vantar upp á 100%.

<i>Ef-setning í samfelldum texta</i>	fh.	vh.
V4 Mamma segir að ég megi fara í bíó ef þú ...	95,7%	4,3%
V3 Já, þú mátt fara ef Anna systir ...	97,4%	2,6%

Tafla 3.6 Háttur valinn í setningum með tengingunni *ef* af börnum í 4.-7. bekk grunnskóla.

Í *töflu 3.6* sést að yfirgnæfandi meirihluti barnanna notaði framsöguhátt og ekki er marktækur munur þar sem tengja má við óbeina ræðu í V4. Þessar niðurstöður samsvara nokkurn veginn niðurstöðum í tilbrigðakönnuninum þar sem velja mátti milli háttá og sýndar eru í *töflu 3.4* og *3.5*.

Af öllum niðurstöðunum um tenginguna *ef* er þetta að segja miðað við meðaltal svara allra aldurshópa:

Samantekt um háttanotkun í *ef*-setningum í nútíð miðuð við meðaltal allra aldurshópa

- 95,1% kjósa að nota framsöguhátt fremur en viðtengingarhátt (*töflur 3.4-6*).
- 89,3% samþykkja framsöguhátt (*tafla 3.1*).
- 18,3% samþykkja viðtengingarhátt (*töflur 3.1-3*).
- Tilhneigingin til að nota viðtengingarhátt er mest hjá unglíngunum (*tafla 3.1* og *3.5*).

3.1.2 Aðferð í eigin könnun á háttanotkun barna í 4.-7. bekk

Ég heimsótti 116 börn í 8 bekkjardeildum í Vesturbæjarskóla í maí 2008 og lagði fyrir þau ellefu hálfkláraðar setningar (skammstafaðar V1-11) sem þau voru beðin að botna. Dæmi:

(3.2) Helga hleypur til Önnu og segir: „Mamma segir að ég megi fara í bíó ef þú ..._____“.

Að baki þessari aðferð var sú hugmynd að þátttakendur ákvæðu sjálfir án langrar umhugsunar hvaða hátt þeir notuðu en þyrftu hvorki að meta né velja tilbúna setningar. Textinn kæmi strax í hendur mínar án þess að neinn annar læsi hann yfir til

að leiðrétta eða breyta. Ég vissi að börnin voru þaulvön að vinna svipuð verkefni og semja eigin texta.

3.2 Samanburður á niðurstöðum úr könnunum

Hér verða niðurstöður úr Tilbrigðakönnuninum um háttanotkun sýndar í töflum og bornar saman við eigin kannanir. Fyrst niðurstöður um atvikssetningarnar *ef*, *nema* og *þótt*, þær bornar saman við niðurstöður úr könnun sem lögð var fyrir grunnskólabörn í 4.-7. bekk og minnst er á í 2. kafla. Því næst niðurstöður um fallsetningar; annars vegar skýringarsetningar hins vegar spurnarsetningar með tengingunni *hvort*. Niðurstöður um síðastnefndu setningarnar verða bornar saman við niðurstöður úr fjórum eigin könnunum sem sagt er frá í 2. kafla.

3.2.1 Atvikssetningar

Háttanotkun í nokkrum atvikssetningum með tengingunum *ef*, *nema* og *þótt* voru til athugunar í tilbrigðakönnuninum og verða nú sýndar niðurstöður úr þeim Í atvikssetningum ræður tengingin langoftast því hvor háttur er valinn.

3.2.1.1 *ef*-setningar

Búið er að fjalla talsvert um *ef*-setningar í nútíð og sýna niðurstöður úr tilbrigðakönnuninum í 3.1.1 og eins og þar segir hefur lengstum verið notaður framsöguháttur í þeim. Einnig er nokkur umfjöllun um tenginguna *ef* í 1.3.1.1. Sagt frá að tengdar skilyrðissetningar í nútíð með tengingunni *ef* eru í framsöguhætti en ótengdar í viðtengingarhætti, það er sýnt í dæmum (1.10 b og d). Þar er einnig minnst á að oft og tíðum er notaður viðtengingarháttur í nútíð í *ef*-setningum þegar um er að ræða óbeina ræðu. Sýnt er dæmi um þegar skilyrðissetning með tengingunni *ef* kemur í kjölfar *að*-setningar (dæmi 1.12). Fleiri dæmi til skýringar:

(3.3) Hann biður hana að hann megi vitja hennar oftast ef sér liggi á.

(3.4) Reglan er sú að ef dómara séu tengdir málinu víkja þeir sæti.

Í yfirlitskönnuninum var ekki um slík dæmi að ræða.

Forvitnilegt var að skoða hversu gamalt þetta fyrirbæri væri. „Það er hins vegar órannsakað mál hvaða reglur gilda um þessa nýjung eða hversu útbreidd hún

er“ segir Höskuldur Þráinsson um setningar eins og „En hvað á ég að gera ef hann sé ekki heima?“ (2005:151). Mér datt í hug að slík háttanotkun í *ef*-setningum í kjölfar *að*-setninga eða óbeinnar ræðu væri ef til vill upphafið á notkun viðtengingarháttar í *ef*-setningum í nútíð. Til að athuga það notaði ég textasafn Orðabókar Háskólans. Í fornritum fann ég 3333 *ef*-setningar í nútíð. Eftir að hafa hreinsað burt 37 setningar í viðtengingarhætti þar sem *ef* var í merkingunni ‘hvort’ stóðu eftir 10 setningar (0,3%) í viðtengingarhætti, þar af 4 sem hægt var að túlka sem óbeina ræðu með sögnunum *segja*, *þykja* og *sýnast* í móðursetningu.

Í ritum frá 16., 17. og 18. öld í textasafni OH fundust 854 *ef*-setningar í nútíð, þar af 837 í framsöguhætti. Hreinsa þurfti burt 6 dæmi í viðtengingarhætti með *ef* í merkingunni ‘hvort’. Af dæmunum 19 sem eftir stóðu má líklega túlka 16 dæmi sem óbeina ræðu; 10 í *Heiðarvíga sögu*, 6 í *Ævisögu síra Jóns Steingrímssonar*.

Talin dæmi um *ef*-setningar í nútíð í ritum frá 19. öld voru 1181. Í verkum 9 þjóðkunnra höfunda voru engin dæmi um viðtengingarhátt. Í Tímariti hins íslenska bókmenntafélags 1880 var 1 dæmi um viðtengingarhátt (af 305 *ef*-setningum) Þá kom röðin að Þjóðsögum Jóns Árnasonar, af 288 dæmum í þeim voru 103 í viðtengingarhætti eða 35,8%. Niðurstöðurnar eru sýndar í *töflu 3.7*:

Tímabil	<i>ef</i> -setningar alls	<i>ef</i> -setningar í fh.	<i>ef</i> -setningar í viðtengingarhætti	
			óbein ræða	aðrar setningar
Fornrit	3296	3286	4	6
13.-15. öld		99,7%	0,1%	0,2%
16., 17. og 18. öld	854	837	16 (J. Stgr., Hvs.)	3
		98,0%	1,9%	0,4%
19. öld	1181	1076	97 (Þjóðs. J.Á.)	8
		91,1%	8,2%	0,7%

Tafla 3.7 Háttanotkun í *ef*-setningum í nútíð í skoðuðum textum frá öldunum 1200-1900.

Samantekt um notkun á viðtengingarhætti í *ef*-setningum í nútíð í skoðuðum textum frá því fyrir 1900

- Á 13.-15. öld er notkunin innan við 1%.
- Á 16.-18. öld er notkunin rúm 2%, langflest dæmin úr *Heiðarvíga sögu* og *Ævisögu síra Jóns Steingrímssonar*.

- Á 19. öld kemst notkunin upp í 8,9%. Öll dæmin nema 2 eru í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, 92,4% í óbeinni ræðu.

Ekki var athuguð 20. öld en nú á 21. öld heyrir og sést þessi háttanotkun í samhengi við óbeina ræðu iðulega í mæltu og rituðu máli. Hvort önnur notkun viðtengingarháttar í *ef*-setningum í nútíð tengist þeirri breytingu er vafamál. Eða er það ef til vill merkingin um vafa sem býr í tengingunni *ef* sem sækir hér að háttanotkuninni?

3.2.1.2 *nema*-setningar

Tengingin *nema* hegðar sér oft eins og aðaltenging og tekur með sér framsöguhátt sjá líka 1.3.1.2. Með skilyrðistengingunni *nema* hefur hins vegar lengstum verið notaður viðtengingarháttur bæði í nútíð og þátíð (sjá t.d. Nygaard 1905:211, Höskuld Práinsson 2005:151, Jakob Jóh. Smára 1920:189). Í *töflu 3.8* sést að mikill meirihluti þátttakenda, eða að meðaltali 94,5%, valdi viðtengingarhátt í TK1.5 þar sem þeim gafst kostur á að velja milli háttar. Þar völdu 85,6% unglínganna sem tóku T2 viðtengingarhátt en 28,5% hinna sömu samþykktu *nema*-setningu með framsöguhátti. Hér sem oftast sést að val á öðrum hættinum þarf ekki að þýða höfnun á hinum.

Stakar <i>nema</i> -setningar	9.-bekkingar		Aðrir aldurshópar	
	fh.	vh.	fh.	vh.
TK1.5 Hún vill ekki fara norður nema Vígga fer / fari með henni.	7,8%	90,2%	0,5%	98,7%
T2044 Hann býður sig ekki fram nema hann fái annað sætið.		85,6%		93,2%
T2034 Hún ætlar að hætta nema hún fær kauphækkun.	28,5%		10,1%	

Tafla 3.8 Háttur valinn eða samþykktur í setningum með tengingunni **nema**.

Af niðurstöðunum sem sýndar eru í *töflu 3.8* er hægt að álykta eftirfarandi miðað við meðaltal svara allra aldurshópa:

Samantekt um háttanotkun í *nema*-setningum

- 94,5% kjósa að nota viðtengingarhátt í *nema*-setningum.
- 89,4% samþykkja *nema*-setningu í viðtengingarhátti.
- 19,3% samþykkja *nema*-setningu í framsöguhátti.
- Tilhneigingin til að samþykkja framsöguhátt er mest hjá unglíngunum.

Aðeins ein *nema*-setning var lögð fyrir börnin í 4. – 7. bekk og eru niðurstöðurnar sýndar í töflu 3.9.

<i>Nema</i> --setning í samfelldum texta	fh.	vh.
V6 Jæja þá, þú mátt fara en ekki nema ...	34,0%	66,0%

Tafla 3.9 Háttur valinn með tengingunni *nema* af börnum í 4.-7. bekk grunnskóla

Samkvæmt þessum niðurstöðum notar um þriðjungur barnanna framsöguhátt og er það hlutfall mun hærra en hjá unglingunum í töflu 3.8.

Hér virðist því vera hægt að greina einhverja breytingu hjá börnum og unglingum. Ekki er hægt að skýra notkun framsöguháttar í *nema*-setningum á sama hátt og reynt er í 3.2.1.3 um *þótt*-setningar, að staðreynd kalli á framsöguhátt, hér er hvergi um staðreynd að ræða heldur hugsanlegt skilyrði í framtíðinni.

3.2.1.3 *þó* að- og *þótt*-setningar

Með tengingunum *þótt* og *þó* (*að*) hefur lengstum verið notaður viðtengingarháttur, bæði í nútíð og þátíð (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:153 og Jakob Jóh. Smára 1920:229) Í skólum var fyrrum kennt að nota þessar tengingar sem hjálparorð til að finna viðtengingarhátt sagna (Björn Guðfinnsson 1958:62 [§123]) en sem kennari hef ég rekið mig á að það ekki er lengur hægt. Nú heyrast menn iðulega nota framsöguhátt í *þótt*-setningum Í töflu 3.10 eru sýndar niðurstöður úr yfirlitskönnununum um *þótt*-setningar.

Stakar <i>þótt</i> -setningar og ein úr samfelldum texta	9.-bekkingar		Aðrir aldurshópar	
	fh.	vh.	fh.	vh.
TK1.7 ... þótt það er / sé ekki nauðsynlegt. (T2) ¹⁷	4,8%	92,3%	0,9%	98,1%
T2113 Hún ætlar samt í vinnuna ... þótt hún sé ennþá lasin.		82,3%		85,6%
T1087 Við mætum þótt það verði leiðinlegt veður.		83,5%		90,3%
T2004 Hann ætlar samt ... þótt hann er enn mjög slappur.	41,3%		18,3%	
T1021 Við spilum þótt það hefur rignt dálítið í nótt.	48,0%		17,5%	
T2014 Þótt þeir hafa ekki unnið marga leiki eru þeir ...	67,2%		53,6%	
T2024 Þeir eru efstir þótt þeir hafa misst marga leikmenn.	66,9%		56,1%	

Tafla 3.10 Háttur valinn eða samþykktur í setningum með tengingunni *þótt*.

Samkvæmt þessum niðurstöðum kjósa flestir fremur að nota viðtengingarhátt í *þótt*-setningum og meira en 82% á öllum aldri samþykkja viðtengingarhátt. Miðað við það vekur athygli hve margir á öllum aldri samþykkja samt framsöguhátt. Setningar T2014 og T2024 í T2 eru fulllíkar og hefði fengist betri samanburður ef önnur hefði verið með sögn í viðtengingarhætti. Meira en helmingur elsta hópsins sem kominn var hátt á sjötugsaldur samþykkti þessar setningar.

Samantekt um háttanotkun í *þótt*-setningum

- 95,2% kjósa að nota viðtengingarhátt.
- 85,4% samþykkja viðtengingarhátt.
- 46,1% samþykkja framsöguhátt.
- Tilhneigingin til að nota framsöguhátt er mest hjá unglingunum.

Sú ályktun sem helst er hægt að draga af þessum niðurstöðum að staðreyndir í *þótt*-setningum séu farnar að kalla á framsöguhátt, þ.e. ef eftirtaldar fullyrðingar eru staðreyndir: *hann er slappur, það rigndi dálítið í nótt, þeir unnu ekki marga leiki, þeir hafa misst marga leikmenn*. Enginn getur þó séð fyrir í T1087 hvernig veðrið verður þannig að staðreynd réttlæti framsöguhátt í þeirri setningu..

Þrjár *þó* að-setningar voru lagðar fyrir börnin og sjást niðurstöður úr þeim í *töflu 3.11*.

<i>Þó</i> að--setning í samfelldum texta	fh.	vh.
V5 Gerðu það, má ég samt fara þó að ...	26,5%	73,5%
V7 Helga ætlar nú í bío þó að Anna ...	22,6%	77,4%
V11 Mér er alveg sama þó að myndin ...	24,3%	75,7%

Tafla 3.11 Háttur valinn í setningum með tengingunni þó að af börnum í 4.-7. bekk grunnskóla.

Séu þessar niðurstöður bornar saman við hlutfallstölur unglinganna í *töflu 3.10* kemur í ljós að talsvert færri barnanna í 4.-7. bekk nota viðtengingarhátt en unglingarnir sem gafst kostur á að velja milli háttanna eða 75,5% : 92,3%. Því væri hægt að bæta þessu við samantektina hér á undan:

- Tilhneigingin til að nota framsöguhátt er allræmest hjá börnunum.

3.2.2 Fallsetningar

Eins og áður er getið í 1.3.2 ræður tengingin ekki ein háttanotkun í fallsetningu heldur einnig merking sagnar eða orðasambands í móðursetningunni.

3.2.2.1 að-setningar

Í Tilbrigðakönnununum voru þrjár setningar í nútíð með tengingunni *að* og sýna allar óbeina ræðu. Í þess konar setningum hefur lengstum verið notaður viðtengingarháttur bæði í nútíð og þátíð (sjá m.a. Nygaard (1905:284-291 [276-281]) og Árna Böðvarsson (1992:242-3)) en nú er farið að bera á því menn noti framsöguhátt. Í *töflu 3.12* fær ein setning í þátíð að fljóta með vegna þess að matið á henni er fróðlegt og tíðin ætti ekki að skipta máli í *að*-setningum.

Stakar <i>að</i> -setningar	9.-bekkingar		Aðrir aldurshópar	
	fh.	vh.	fh.	vh.
TK1.10 Systir hans segir að hann er/sé fluttur til útlanda.	5,4%	92,7%	2,2%	96,9%
T2033 Óli segir að Snati hafi oft strokið að heiman.		89,4%		97,8%
T2023 Sigrún segir að þú hefur aldrei komið í heimsókn.	51,8%		17,2%	
T2043 Hún hélt að hann var ekki heima.	32,4%		15,3%	

Tafla 3.12 Háttur valinn eða metinn í *að*-setningum með sögnunum segja og halda.

Eftir niðurstöðum um setningarnar þrjár í *töflu 3.12* að dæma er þetta að segja um óbeina ræðu í *að*-setningum, miðað er við meðaltal:

Samantekt um háttanotkun í *að*-setningum

- 94,8% kjósa að nota viðtengingarhátt.
- 93,6% samþykkja *að*-setningu í viðtengingarhætti.
- 23,9% samþykkja *að*-setningu í framsöguhætti.
- Tilhneigingin til að nota framsöguhátt. er mest hjá unglíngunum.

Aðeins ein *að*-setning var lögð fyrir 9 – 13 ára börnin. Niðurstöðurnar sjást í *töflu 3.13*.

Að-setning í samfelldum texta	fh.	vh.
V10 Helga segir að myndin ...	20,4	79,6%

Tafla 3.13 Háttur valinn í að-setningu með sögninni **segja** af börnum í 4.-7. bekk grunnskóla.

Talsvert færri börn en unglingar nota viðtengingarhátt þegar þeir velja milli hátta, eða 79,6% : 92,7%.

3.2.2.2 hvort-setningar

Í Tilbrigðarannsóknunum voru athugaðar spurnarsetningar með tengingunni *hvort* og sögnunum *spyrja* og *vita* í móðursetningu. Verða nú niðurstöður úr þeim bornar saman við niðurstöður úr rannsóknum mínum sem segir frá í 2. kafla, annars vegar frá árinu 2003 (Guðrún Þórðardóttir 2006), hins vegar á bloggtextum 2008 og 2011. Tveir yngstu hóparnir í Tilbrigðarannsókninni eru fæddir eftir 1980 og eru því nokkurn veginn sambærilegir við þann hóp í rannsókn minni sem fæddur er 1980-1989 (sjá 2. kafla).

3.2.2.2.1 *spyrja*

Fyrst tek ég fyrir merkingarflokkinn sem ég hef gefið einkennisorðið *spyrja*. Þrjár *hvort*-setningar voru lagðar fyrir í Tilbrigðakönnununum með óbeinni ræðu og sögninni *spyrja* í móðursetningu. Því miður vantaði í könnunina setningar þar sem kostur gæfist á að velja milli hátta til að fá þær upplýsingar sem sú aðferð veitir.

Stakar <i>hvort</i> -setningar	9.-bekkingar		Aðrir aldurshópar	
	fh.	vh.	fh.	vh.
T2083 Þeir <i>spyrja</i> stelpurnar hvort þær ætli að koma með.		82,7%		81,2%
T2093 Hann <i>spyr</i> hvort hann á að kaupa eitthvað.	33,3%		11,1%	
T1083 Spurðu Nonna hvort hann kemur með.	61,5%		33,9%	

Tafla 3.14 Háttur samþykktur í *hvort*-setningum eftir sögninni *spyrja* í móðursetningu.

Samantekt um háttanotkun í *hvort*-setningum í óbeinni ræðu með *spyrja* í móðursetningu samkvæmt Tilbrigðakönnun, miðuð við meðaltal

- 82% samþykkja viðtengingarhátt.
- 35 % samþykkja samþykkja framsöguhátt.
- Tilhneigingin til að nota framsöguhátt er mest hjá unglíngunum.

Tvær setningar úr þessum merkingarflokki voru lagðar fyrir 9-13 ára börnin:

<i>Hvort-setning í samfelldum texta</i>	fh.	vh.
V2 Helga spyr nú mömmu hvort...	14,3%	85,7%
V9 Þegar Helga kemur heim spyr Anna hana hvort myndin...	25,9%	74,1%

Tafla 3.15 Háttur valinn í hvort-setningu eftir sögninni spyrja í móðursetningu af börnum í 4.-7. bekk grunnskóla.

Talsvert ósamræmi kemur fram í þessum niðurstöðum, munar 11,6 prósentustigum á setningum V2 og V9.

Eins og áður segir gildir það um háttanotkun að þótt annar hátturinn sé samþykktur þarf það ekki að þýða að hinum hættinum sé hafnað. Miðað við niðurstöður úr rannsóknum mínum á *hvort-setningum* eftir sögninni *spyrja* og sagt er frá í 2. kafla hefði þó ef til vill mátt búast við öðrum niðurstöðum en fram koma í *töflum 3.14* og *3.15*. Raunar hefur samkvæmt rannsóknum mínum svo til einvörðungu verið notaður viðtengingarháttur í slíkum setningum allt frá 18. öld og fram á þennan dag eins og sést í *töflu 3.16*.

18. öld		19. öld		1913-79		1986-2003		2004-2011	
fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.
	100%		100%	4%	96%		100%	3.3%	96,7%

Tafla 3.16 Tíðni fh.:vh. í hvort-setningum eftir sögninni spyrja í móðursetningu 1800-2011 samkvæmt eigin rannsóknum á textum fullorðinna.

Samantekt um háttanotkun í óbeinni ræðu með sögninni spyrja í móðursetningu samkvæmt eigin könnunum 2003 og 2011

- 96% nota viðtengingarhátt og hefur hann verið svo til einhafður í slíkum setningum allt frá 18. öld.

Samanburður á niðurstöðum um háttanotkun í slíkum setningum síðasta aldarfjórðung í þessum þremur rannsóknum sést í *töflu 3.17*.

1986-2003		2003-2011		2006-2007				
Ýmislegt efni af Netinu. Háttur valinn.		Efni á blogg síðum. Háttur valinn.		Tilbrigðakannanir. Meðaltal allra aldurshópa. Háttur samþykktur, honum hafnað eða vafamál.				
fh.	vh.	fh.	vh.	fh. sp.	fh. h.	vh. sp.	vh. h.	Vafi
	100%	4.4%	95,6%	30,7%	53,0%	81,9%	9,1%	13,9%

Tafla 3.17 Samanburður á niðurstöðum rannsókna með mismunandi aðferðum á háttanotkun í hvort-setningum eftir sögninni **spyrja** í móðursetningu á árunum 1986-2011.

Tvenns konar aðferðir skila niðurstöðunum sem sýndar eru í töflu 3.17 og því alls ekki við fullkomnu samræmi að búast. Engu að síður er mismunurinn áberandi ef miðað er við mikla tíðni notkunar á viðtengingarhætti í hvort-setningum í þessum merkingarflokkum og aukna tíðni í öðrum merkingarflokkum síðustu aldir og allt fram á þennan dag (sjá t.d. mynd 2.1). Af niðurstöðum þessara þriggja rannsókna sem sýndar eru í töflu 3.17 er erfitt að draga eina ákveðna ályktun, svo illa ber þeim saman. En í 11. kafla Tilbrigðarits kemur þetta reyndar fram:

að mikill meirihluti þátttakenda í Námsmatsstofnunarkönnuninni 2006 valdi viðtengingarhátt umfram framsöguhátt. [...] Það er athyglisvert vegna þess að hér er auðvitað um þann aldurshóp að ræða sem samsvarar yngsta hópnunum í Tilbrigðakönnuninum og e.t.v. hefði mátt búast við því að þar væru niðurstöður ekki svona ótvíræðar.

Sú staðreynd styrkir ályktun mína, byggða á eigin könnunum, að verið geti að um litlar breytingar sé að ræða, flestir noti enn sem fyrr viðtengingarhátt í hvort-setningum með sögninni *spyrja* í móðursetningu.

3.2.2.2.2 *vita* og aðrar staðreyndasagnir

Eins og með sögnina *spyrja* í 3.2.2.2.1 fæst með rannsóknum mínum ekki einungis samanburður við niðurstöður úr Tilbrigðakönnuninum um háttanotkun á árunum upp úr aldamótunum 2000 heldur fást einnig viðbótarupplýsingar um þróun háttanotkunar í hvort-setningum í árunum og aldanna rás.

Samkvæmt rannsókn minni frá árinu 2003 tók sögnin *vita* og aðrar staðreyndasagnir með sér framsöguhátt í hvort-setningum í textum hátt í 100% allar götur frá árinu 1200 til ársins 1979 (sjá einnig Höskuld Þráinsson 2005:465 og

Guðrúnu Þórðardóttur 2006). Síðan varð sú breyting á að í textum frá 1986-2003 fór sú prósentutala niður í 71%. Þetta sést á mynd 2.4 í 2. kafla.

Samkvæmt nýjustu athugun minni á 829 setningum á 156 bloggsíðum frá árunum 2003-2011 hrapar notkun á framsöguhætti niður í 39% á síðustu átta árum. Þetta sést í töflu 3.18.

1200		13. – 15. öld		18. öld		19. öld		20. öld 1913-79		20. öld 1986-2003		2003-2011	
fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.	fh.	vh.
100%		98%	2%	100%		95%	5%	97%	3%	71%	29%	39%	61%

Tafla 3.18 Tíðni fh.:vh. í hvort-setningum eftir so. **vita** og öðrum staðreyndasögnum í móðursetningu í aldanna rás samkvæmt eigin könnunum.

Í tölunum frá 2003-2011 er raunar bara miðað við fólk fætt á árunum 1970-1989 en hinar tölurnar eiga við alla aldurshópa. Samkvæmt þessum tölum hafa hlutföll milli háttá snúist við, hjá yngsta aldurshópnum hefur viðtengingarháttur nú vinninginn.

Tafla 3.19 sýnir niðurstöður úr einu hvort-setningunni í Tilbrigðakönnunum sem er með staðreyndasögn í móðursetningu. Þarna bauðst þátttakendum að velja milli háttá eða velja báða kosti.

TK1.1 Veistu hvort hann verður / verði við á morgun?											
9. bekkur			20 – 25 ára			40 – 45 ára			65 – 70 ára		
fh.	vh.	báðir kostir	fh.	vh.	báðir kostir	fh.	vh.	báðir kostir	fh.	vh.	báðir kostir
27,5%	60,3%	12,3%	30,0%	45,5%	24,5%	47,0%	36,1%	16,8%	76,0%	15,8%	8,2%

Tafla 3.19 Háttur valinn eða báðir kostir taldir koma til greina í hvort-setningu með sögninni **vita** í móðursetningu af mismunandi aldurshópum í Tilbrigðakönnun.

Niðurstöður miðaðar við aldursdreifinguna sem sjást í töflu 3.19 sýna hið sama og niðurstöður mínar um að viðtengingarháttur sé enn í sókn, einungis innan við þriðjungur fólks úr tveimur yngstu aldurshópnum velur eindregið framsöguhátt og er sú niðurstaða ekki langt frá niðurstöðum mínum um fólk á svipuðum aldri, fætt 1980-1989 en þar eru hlutföllin 32,8%:67,2% (sjá töflu 2.4 í 2. kafla). Hátt í helmingur 20-25 ára þátttakenda velur viðtengingarhátt, tæpur fjórðungur er á báðum áttum.

Unglingarnir eru vissari í sinni sök, 60,3% velja eindregið viðtengingarhátt en 12,3% telja báða kosti koma til greina.

Sé eingöngu miðað við þá sem völdu annan hvorn kostinn í Tilbrigðakönnuninum, framsöguhátt eða viðtengingarhátt, eru hlutföllin 51,6%:48,4 eða svipuð og í bloggi á svipuðum tíma (2003-2008) en þau voru 53,1%:46,9%.

En meðaltalið segir ekki alla söguna því að mikill munur er á kynslóðum. Um hálfri öld munar á þeim elstu og yngstu en eins og áður segir nota þeir yngstu viðtengingarhátt í 67,2% tilvika samkvæmt nýjustu athugun minni 2011.

Á mynd 2.4 í 2. kafla sést að þessi kynslóðamunur var orðinn vel sýnilegur um aldamótin 2000.

Því miður var engin nothæf setning úr þessum flokki í könnuninni sem lögð var fyrir börnin í 4. – 7. bekk grunnskóla.

Niðurstöðurnar í *töflu 3.18* benda til að hér hafi orðið miklar breytingar á síðustu 30 árum.

Samantekt um hvort-setningar með staðreyndasögnum í móðursetningu miðað við eigin kannanir og Tilbrigðakannanir

- Um aldir og allt þar til á síðasta aldarfjórðungi 20. aldar var framsöguháttur nánast einhafður (*tafla 3.18* og *mynd 2.4*).
- Enn telja 76% aldraðra eðlilegt að nota framsöguhátt (*tafla 3.19*).
- Nú kýs aðeins tæpur helmingur 40-45 ára að nota framsöguhátt eða 47% (*tafla 3.19*)
- Innan við þriðjungur fólks sem fætt er eftir 1980 velur eindregið framsöguhátt (*tafla 3.19*).
- 60,3 % unglunga kjósa að nota viðtengingarhátt (*tafla 3.19*).

Ekki sýnist þurfa frekar vitnanna við hvert viðtengingarháttur stefnir í þessari gerð setninga.

3.3 Samantekt

Svo sem fram kemur hér að ofan og einnig er sagt frá í 11. kafla Tilbrigðarits sýna niðurstöður úr Tilbrigðakönnunum um háttanotkun í atvikssetningum í nútíð með tengingunum *ef*, *nema* og *þótt* og fallsetningum með skýringartengingunni *að* í óbeinni ræðu, að langflestir telja hefðbundna háttanotkun eðlilega þó að ýmsir telji setningar með óhefðbundinni háttanotkun eðlilegt mál. Breyting frá hefðbundinni háttanotkun getur því talist greinanleg. Niðurstöðurnar benda til að breytingar séu mestar hjá yngsta aldurshópnum.

Niðurstöður um háttanotkun í *hvort*-setningum í nútíð í óbeinni ræðu með sögninni *spyrja* voru ekki í samræmi við niðurstöður mínar sem sagt er frá í 2. kafla. Um 30% þátttakenda í Tilbrigðakönnunum samþykktu framsöguhátt í þeirri setningagerð þar sem hefðbundið var og er enn samkvæmt niðurstöðum úr öðrum rannsóknum mínum að nota viðtengingarhátt.

Hröð breyting virðist vera í háttavali í *hvort*-setningum með staðreyndasögnum eins og sögninni *vita*, frá því að framsöguháttur var alhafður fram undir 1980 í að aðeins um 30% yngstu aldurshópanna velji hann í þeirri setningagerð. Það er í samræmi við niðurstöður úr rannsóknum mínum sem segir frá í 2. kafla.

Helsta breytingin sem hægt var að greina hjá 9-13 ára grunnskólabörnum samkvæmt könnunum mínum er sú að rúmur þriðjungur notar framsöguhátt með tengingunni *nema*, um fjórðungur þeirra notar framsöguhátt með tengingunni *þó að* og í óbeinni ræðu með sögninni *spyrja* og rúmur fimmtungur notar framsöguhátt í *að*-setningum í óbeinni ræðu en í öllum þessum setningagerðum var hefðbundið að nota viðtengingarhátt.

4

Samantekt og lokaorð

Í upphafi rannsókna sem hófust laust eftir aldamótin 2000 var sett fram sú tilgáta að miklar og örur breytingar ættu sér stað í háttanotkun í aukasetningum í nútíð. Giskað var á að notkun viðtengingarháttar ykist sífellt, ekki síst í spurnarsetningum, og að hann væri oft notaður í setningum þar sem áður var eindregið notaður framsöguháttur, svo sem eftir sögninni *vita*. Fyrsta rannsóknin árið 2003 fólst í samanburði fjölmargra spurnarsetninga í nútíð með tengingunni *hvort* úr ólíkum textum allt frá upphafi ritaldar um 1200 til aldamótanna 2000. Niðurstöðurnar leiddu í ljós svo að ekki varð um villst að í *hvort*-setningum í nútíð hafði notkun viðtengingarháttar aukist mjög, einkum hjá yngstu aldurshópnum. Því var rannsóknunum haldið áfram og bloggtextar skoðaðir, fyrst árið 2008 og síðast 2011 og þá einungis tveir aldurshópar, annars vegar fólk fætt 1970-1979, hins vegar fólk fætt 1980-89. Niðurstöður þessarar síðustu rannsóknar leiddu í ljós að ekki aðeins er notkun viðtengingarháttar í *hvort*-setningum meiri hjá þeim en eldri kynslóðum heldur munar talsverðu á þessum tveimur aldurshópum sem einungis einn áratugur skilur að. Niðurstöðurnar hnigu allar í eina átt, viðtengingarháttur virðist vera að taka völdin í þessari setningagerð og hægt er að geta sér þess til að tengingin *hvort* muni um síðir kalla á viðtengingarhátt í öllum merkingarflokkum.

Árið 2006 gafst mér tækifæri að taka þátt í rannsóknarverkefni Tilbrigði í setningagerð og nota niðurstöður úr þeim könnunum til frekari rannsókna. Í tengslum við þær rannsakaði ég einnig háttanotkun á *ef*-setningum í nútíð frá upphafi ritaldar til 1900. Í Tilbrigðarannsókninni fékk ég einnig nasasjón af hinu gagnstæða, þ.e. notkun framsöguháttar þar sem áður var notaður viðtengingarháttur, svo sem í *að*-setningum í óbeinni ræðu, *nema*-setningum og *þótt*-setningum. Það er verðugt rannsóknarefni í framtíðinni að fylgjast með samspili framsöguháttar og viðtengingarháttar í íslensku.

Að lokum þakka ég leiðbeinanda mínum, Höskuldi Þráinssyni góða leiðsögn og ýmsar þarfar ábendingar.

Heimildir

- Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Almenna bókafélagið hf. Reykjavík.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2001. Íslenskan, enskan og atvinnulífið. *Lesbók Morgunblaðsins* 7. apríl 2001. Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslensk málfræði handa grunnskólum og framhaldsskólum*. 5. útgáfa. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík. [1. útgáfa, Ríkisútvarpið, Reykjavík 1938.]
- Guðrún Þórðardóttir. 2006. Er notkun viðtengingarháttar að breytast? *Íslenskt mál* 28:57-77.
- Guðrún Þórðardóttir. 2012. Hvert stefnir viðtengingarháttur? *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* [væntanleg]. Ritstjóri Höskuldur Þráinsson.
- Handbók um íslensku*. 2011. Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar og höfundar kafla. Ritnefnd: Ari Páll Kristinsson, Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese*. An overview and reference grammar. Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn.
- Höskuldur Þráinsson. 1995, 2006. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. *Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga 3. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Iversen, Ragnvald. 1994. *Norrøn grammatik*. Endurskoðuð af E. F. Halvorsen 1973. Tano As Oslo. [fyrst útg. 1923]

- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslenzk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 1989. *Samsettar myndir sagna*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 2003. Íslenskt mál – 16. þáttur. *Morgunblaðið* 6. desember 2003.
- Krahe, Hans og Wolfgang Meid. 1969. *Germanische Sprachwissenschaft II: Formenlehre*. Sammlung Götschen, Band 780/780a/780b. Walter de Gruyter & Co., Berlin
- Kress, Bruno. 1982. *Isländische Grammatik*, bls. 237-25?. Max Hueber Verlag, München.
- Kristján Árnason. 1981. Um merkingu viðtengingarháttar í íslensku. *Afmælikveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 154-172. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Nygaard. M. 1906. *Norrøn syntax*. H. Aschehoug & Co. (W. Nygaard), Kristiania.
- Stefán Einarsson. 1945. *Icelandic. Grammar, Texts, Glossary*. The Johns Hopkins Press, Baltimore.

Viðauki

Textar sem rannsóknin 2003 var byggð á.

Netútgáfan – <http://www.snerpa.is/net/>:

Atli Harðarson (f. 1960). *Greinasafn*.

Biblían á Netinu, texti *Biblíunnar* frá 1981.

Fornrit: *Fornaldarsögur Norðurlanda, Gylfaginning, Heimskringla, Íslendingasögur, Íslendingaþættir, Landnámabók (Sturlubók) og Jómsvíkingasaga*.

Skáldsögur: Jón Trausti (Guðmundur Magnússon, 1873-1918): *Anna frá Stóruborg, Borgir, Halla, Heiðarbýlið I-IV, Leysing*. Torfhildur Hólm (1845-1918): *Brynjólfur biskup Sveinsson*. Þorgils gjallandi (Jón Stefánsson, 1851-1915): *Upp við fossa, Gamalt og nýtt*.

Smásögur eftir Benedikt Gröndal (1826-1907), Gest Pálsson (1852-1891), Jónas Hallgrímsson (1807-1845), Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1856-1918), Jón Trausta, Stephan G. Stephansson (1853-1927), Torfhildi Hólm og Þorgils gjallanda.

Þjóðsögur, langflestar úr *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum* Jóns Árnasonar (fyrst útg. 1862).

Púsund og ein nótt – arabískar sögur (útg. 1857) í þýðingu Steingríms Thorsteinssonar (1831-1913).

Ævintýri: Íslensk ævintýri, langflest úr *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum* Jóns Árnasonar (fyrst útg. 1862), og ævintýri H.C.Andersens (útg. 1904 og 1908), þýdd af Steingrími Thorsteinssyni.

Orðabók Háskólans, orðstöðulyklar á netinu

<http://www.lexis.hi.is/ordstodulyklar.html>;

Hid nya testament. Oddur Gottskálksson (um 1500-1556) útlagði á norrænu (1540).

Huldufólkssögur, flestar úr *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum* Jóns Árnasonar (fyrst útg. 1862).

Íslensk hómilíubók frá því um 1200; Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson bjuggu til prentunar (1993).

Morgunblaðið, fréttatextar frá 1997 úr gagnasafni blaðsins.

Passíusálmar Hallgríms Péturssonar (1614-1674).

Skáldsögur Jóns Thoroddsens (1819-1868), *Piltur og stúlka*, *Maður og kona*.

Orðabók Háskólans; aðrir orðstöðulyklar:

Ásta Sigurðardóttir (1930-1971): *Sögur og ljóð* (1985).

Gunnar Gunnarsson (18859-1975). *Fóstbræður*, *Grámann*, *Hvítikristur*, *Jörð*, *Ströndin* (1989).

Halldór Stefánsson: *Sögur* (1989).

Holberg, Ludvig (1684-1754). *Nikulás Klím* (1745). Jón Ólafsson (1705-1779) úr Grunnavík þýddi.

Indriði G. Þorsteinsson (1926-2000): *Átján sögur úr álfheimum* (1986).

Jón Steingrímsson (1728-1791): *Ævisaga* (skrifuð 1788-1791).

Jón Þorkelsson Vídalín (1666-1720): *Vídalínspostilla* (fyrst útg. 1718-20; helmingur bókarinnar).

Jökull Jakobsson (1933-1978). *Tvö leikrit. Hart í bak. Sjóleiðin til Bagdad* (1965).

Kóngaliljur. Smásögur 1960-1985 (1985).

Napóleón Bónapartí og tólf aðrar smásögur 1880-1960 (1987).

Vilmundur Jónsson (1889-1972): *Með hug og orði. Af blöðum Vilmundar Jónssonar landlæknis. Síðara bindi* (1985).

Þórbergur Þórðarson (1888-1974): *Ljóri sálar minnar. Úr dagbókum, bréfum og öðrum óprentuðum ritsmíðum frá árunum 1909-1917* (1986).

Óskar Aðalsteinn. Skáldsögur.

<http://www.geocities.com/Athens/Troy/9895/skalds.htm>

Vefsíður og vefrit á Netinu (í flestum tilvikum allt það efni sem var á síðunum þegar rannsóknin var gerð í árslok 2003).

Biskupsstofa, vefsíða: <http://www.kirkjan.is/biskupsstofa/>

Björn Bjarnason, vefsíða: <http://www.bjorn.is/>

Deiglan.com, vefrit: <http://www.deiglan.com/>

Dómkirkjan í Reykjavík, vefsíða: <http://www.domkirkjan.is/>

Hugi.is, vefrit: <http://www.hugi.is/>

Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, vefsíða: <http://www.hugvis.hi.is/>

JPV útgáfa, vefsíða: <http://jpv.is/>

Kistan, vefrit: <http://www.kistan.is/>

Kreml.is, vefrit: <http://kreml.is/>

Kristín Halldórsdóttir, greinar: <http://www.kristin.is/greinar/>

Lagasafn í stafrófsröð: <http://www.althingi.is/lagas/119/lagas.nofn.html>

Landbúnaður.is. Sameiginlegt vefsvæði landbúnaðarstofnana:

<http://vefur2.umsja.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/Article/FirstPage?OpenForm>

Landsvirkjun, vefsíða: <http://lv.is/>

Laxnesslykillinn, Edda miðlun: http://edda.is/net/Db2_ordstada_hkl.aspx

Læknaþlaðið: <http://lb.icemed.is/web>

Morgunþlaðið hjá Landsbókasafni Íslands: <http://sula.bok.hi.is/mbl/>

Netla, vef tímarit um uppeldi og menntun: <http://netla.khi.is/>

Söguþing 2002, vefsíða: <http://www.hi.is/soguthing2002/erindi/erindi.htm>

Upplýsing – félag bókasafns- og upplýsingafræða, vefrit: <http://www.bokis.is/>

Vefnir. Tímarit Félags um átjándu aldar fræði: <http://www.bok.hi.is/vefnir/>

Vef-Þjóðviljinn, vefrit: <http://www.bokasafnid.is/> <http://www.andriki.is/>

Þorvaldur Gylfason, vefsíða: <http://www.hi.is/~gylfason/>

SUMMARY

This thesis discusses variation and change in Icelandic in the use of the present indicative versus the present subjunctive in subordinate clauses after the conjunction *hvort* ‘whether’. Lately it has been claimed that the use of the subjunctive is declining and concerns have been expressed regarding this development. This research explores whether this is indeed the case by examining the use and acceptance of mood in *hvort*-clauses in the present tense. The original hypothesis was that the use of the subjunctive is rather increasing than decreasing in this clause type.

The study is based on four kinds of data:

- Examples from written texts from Old to Modern Icelandic (1200-2000).
- Examples collected from blogs on the Internet (texts from 2003-2011).
- Data obtained from school children (grades 4-7).
- Data collected in the study “Variation in Icelandic Syntax” (2005-2007).

In the examples from the latter half of the twentieth century, the subordinate clauses were also categorised according to the author’s age by using the decade of the author’s birth as a parameter. Since the semantic class of the main verb in the matrix clause influences the choice of mood in a *hvort*-clause, the clauses were divided into five groups labelled with verbs that can be regarded as characteristic for each group: *spyrja* ‘ask’, *vita* ‘know’, *athuga* ‘examine’, *ákveða* ‘decide’ and *efa* ‘doubt’.

The study reveals great variation in the use of mood in *hvort*-sentences in the present tense. Thus *Table 2.1* shows, for instance, that the use of the subjunctive has been on the increase throughout the centuries in *hvort*-clauses after all five matrix verb types. In *Table 2.2*, which contains examples from the latter half of the twentieth century categorised according to the author’s age, it is apparent that all age groups use the subjunctive in subordinate clauses after matrix verbs of the *spyrja*-class. There is not a noticeable change in the use of subjunctive in *hvort*-clauses after matrix verbs of the *efa*-class, but after verbs of the other three classes (*vita* ‘know’, *athuga* ‘examine’, *ákveða* ‘decide’), the use of the subjunctive has increased substantially in the youngest age group. Data from all the studies point in a similar direction, although the results vary somewhat because of the different elicitation methods used. Thus the hypothesis that the use of the subjunctive mood in *hvort*-sentences has increased and is still on the increase is fully substantiated.